



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Vandræðabarn úr virkri nærveru

***Saga og orðræða Áhugahóps homma og lesbía um trúarlíf
1994-1997***

Ritgerð til B.A.-prófs

Arnaldur Máni Finnsson

September 2011

Háskóli Íslands
Guðfræði- og trúarbragðafræðideild
Kirkjusaga

Vandræðabarn úr *virtri nærveru*

**Saga og orðræða *Áhugahóps homma og lesbía um trúarlíf*
1994-1997**

Ritgerð til B.A.-prófs

Arnaldur Máni Finnsson

Kt.: 280378-3489

Leiðbeinandi: Hjalti Hugason

September 2011

1. Inngangur.	1
2. Saga Áhugahóps homma og lesbía um trúarlíf 1994-1997	3
Nokkrar birtingarmyndir <i>virkrar nærveru</i>	8
Hræringar í samstarfi kirkjunnar og Trúarhópsins.....	13
Málefni samkynhneigðra í kirkjupólítískum farvegi.....	17
Vonbrigði á kosningaári í kirkjunni.	20
3. Orðræða Áhugahóps homma og lesbía um trúarlíf. (1994)	26
3.1 Orðræða um fordóma – Fordómastef.....	28
1a. <i>Samfélagslegir fordómar - gagnkynhneigðarhyggjan.</i>	28
1b <i>Gagnkynhneigðarhyggja – í nafni trúar.</i>	29
1c <i>Í nafni trúar – svar við þögn kirkjunnar.</i>	30
3.2 Reynslan af að koma úr felum	31
2a. <i>Að koma úr felum sem þjóðfélagshópur : Félagsleg barátta</i>	31
2b <i>Persónuleg reynsla af því að koma úr felum.</i>	32
3.3 Mannskilningur og sjálfsmynd – Sköpunarstef.....	33
3a <i>Í mynd guðs - frelsunarguðfræðin</i>	33
3b <i>Trúarlegur þáttur við endurmótun sjálfsmyndar.</i>	34
3.4. Samtímalýsingar – Kirkjupólítík.	35
Samantekt	37
Heimildir og hjálpargögn	40
Viðaukar I / II	43

1. Inngangur.

Frá því að samfélög hófu að mótastrast hefur trúarlegt svið ávallt verið hluti mannlegrar tilveru. Á síðari tímum hefur hið trúarlega í auknum mæli færst inn á svið einkalífsins og því er svo komið að sú athöfn að lýsa sér sem trúuðum einstaklingi og móta trúarsamfélag birtist sem pólitísk yfirlýsing. Í þessari ritgerð verður saga *Áhugahóps homma og lesbía um trúarlíf* 1994-1997 rakin sem dæmi um slíka trúar-pólitíska yfirlýsingu í íslensku samhengi og inntak hugleiðinga frá fyrsta starfsári hópsins sundurgreint með greiningarlíkani sem var þróað samhliða rannsókninni.

Áhugahópurinn starfaði innan *Samtakanna 78* á tíunda tug síðustu aldar og má lýsa sem trúarpólitískum í því samhengi að í augum samfélags samkynhneigðra á tíunda áratug síðustu aldar hafði kristin kirkja hafnað þeim sem þjóðfélagshópi. *Virk nærvera* þeirra og sýnileiki sem iðkendur kristinnar trúar var því trúarpólitísk athöfn. Í fyrri hluta ritgerðarinnar er fjallað um þá félagslegu vídd auk þess sem samskiptin við þjóðkirkjuna og þróun umræðunnar um kirkjulega stöðu samkynhneigðra á árunum 1994-1997 eru rakin. Tilvera og trúarstarf hópsins hefur í því samhengi augljós kirkjupólitísk áhrif. Í síðari hluta ritgerðarinnar er gerð grein fyrir rannsókn á inntaki hugleiðinga hópsins sem finna má í samantekt Hauks F. Hannessonar: *Skýrsla um starfsemi Áhugahóps homma og lesbía um trúarlíf*. Í lokakafla eru tvær hliðar, saga virkrar nærveru og orðræðan, teknar saman í niðurstöðu höfundar.

Við vinnslu ritgerðarinnar var fyrst og fremst stuðst við einkaskjalasafn *Samtakanna 78* og gögn í vörslu fyrrum forsvarskonu hópsins. Viðtöl voru tekin við helstu gerendur en til hliðsjónar voru skjöl og skýrslur unnar á vegum kirkjunnar á tímabilinu. Auk þessara gagna voru óútgefnar ritgerðir unnar við Guðfræðideild Háskóla Íslands skoðaðar en þær eru margar hverjar af siðfræðilegum toga. Fáar heimildir sagnfræðilegs eðlis er að finna um trúarlegt starf á vegum samkynhneigðra á Íslandi og því mætti ætla að ótrúlega hraður framgangur þjóðfélagshópsins til fullra kirkjulegra réttinda þvert á hefð hinnar alþjóðlegu kirkju væri til marks um átroðning ríkisvaldsins í krafti þjóðkirkjufyrirkomulags. Hér er reynt að fylla út í raunmynd tíunda áratugarins og skýra þannig upphaf samræðunnar sem leiddi af sér þessa þróun. Þó rúm gefist ekki til að fjalla um þá almennu vitundarvakningu sem varð á Íslandi vegna hinnar virku nærveru, um að eiginlegan mun á viðhorfum til trúarlífs og kirkju á grundvelli kynhneigðar væri ekki að ræða, er rétt að geta hennar almennt enda megin markmið hópsins með pólitísku samhengi nærveru sinnar.

Í ritgerðinni eru nýttar kirkjusögulegar heimildir um þróun umræðunnar um málefni samkynhneigðra á tímabilinu úr meistaraþrófsritgerð K. Huldu Guðmundsdóttur *Kirkjuathöfn samkynhneigðra para – Samskilningur ríkis og kirkju? Um afstöðu leikra og lærðra í íslensku þjóðkirkjunni 1995-2007* (2007). Niðurstöður hennar byggja meðal annars á eigin verki, *Þjóðkirkjan og samkynhneigðir – Viðhorfskönnun meðal presta og djákna* (2004) sem varpar ljósi á stöðu málaflokksins á þeim tíma. Þetta hitamál er þar rakið frá sjónarhóli ríkis og kirkju og er stuðst við niðurstöður hennar þegar kemur að samantekt efnisins og umræðu þó rannsókn hennar nái út fyrir rannsóknartímabil þessarar ritgerðar. Eins má geta kirkjusögulegs efnis í ritgerð Ármanns H. Gunnarssonar *Sköpuð í Guðs mynd: Guðfræðileg umræða um samkynhneigð* (2000); annarsvegar úttektar á *Skýrslu nefndar um samkynhneigð og kirkju* (1996) en hins vegar tilraun fræðasamfélagsins til að þrýsta á kirkjuleg yfirvöld um framfylgja innri samþykktum um fræðslu um málefni samkynhneigðra. Í hvorugu þessara verka er fjallað um hópinn en í tilviki höfundar skýrist vitneskjan um tilvist hans og þróun af því að móðir hans var virkur meðlimur *Áhugahóps homma og lesbía um trúarlíf* allan rannsóknartímamann og forsvarskona á tímabili.

Von höfundar stendur til þess að fræðilegs hlutleysis sé þó gætt í hvívetna en markmið verksins er að með ritgerðinni sé þúslu óútgfinna gagna bætt í kirkjusöguna.

Saga þessa trúarhóps samkynhneigðra hefst með virkri nærveru, þekktri baráttuaðferð sem felst í sýnileika á tveimur sviðum. Samkynhneigðir eru kallaðir til sátta við kristna trú en kúgun trúartúlkana er ögrað með valdi sjálfsvirðingarinnar. Vandí kirkjunnar þegar hún mætti þeirri „ögrun“ varð sá að í stað samræðu varð til skilgreiningarvandi um fræðslu, síðan sjálfsmýndarkreppa en þegar viðfangsefnið hvarf ekki varð það að vandræðabarni á ættartré kristninnar sem ekki mátti tala um. Ritgerð þessi er tileinkuð upplýstri umræðu um kirkjuna og þá sem henni tilheyra.

2. Saga Áhugahóps homma og lesbía um trúarlíf 1994-1997

Á tíunda áratug 20.aldar starfaði svokallaður *Trúarhópur* innan *Samtakanna 78* með það að markmiði að efla trúarvitund og sætta sjónarmið á meðal samkynhneigðra á Íslandi annarsvegar, en hins vegar að bæta samskipti íslensku þjóðkirkjunnar og samkynhneigðra. Á tímabilinu 1994-1997 sem fjallað er um í þessari ritgerð nefndist hann formlega *Áhugahópur homma og lesbía um trúarlíf* en var í daglegu tali nefndur *Trúarhópurinn* og verður það heiti notað hér. Árið 1998 var aftur á móti farið að nota skammstöfunina *Á.S.T. (Áhugahópur samkynhneigðra um trúmál)* og hefur notkun þess regnhlífarhugtaks haldist yfir margvíslega starfsemi innan *Samtakanna 78* sem lítur að samstarfi við Þjóðkirkjuna allt fram á okkar daga.¹

Tilurð hópsins má rekja til fréttaplutnings af Norðurlandþingi homma og lesbía sem haldið var í Reykjavík sumarið 1993 en í kjölfar hans var vinsæll sjónvarpsþáttur, *Í sannleika sagt* á Stöð 2, helgaður umfjöllun um málefni samkynhneigðra. Haukur F. Hannesson, fræðslufulltrúi Samtakanna 78 hvatti þá Ingólf Margeirsson annan stjórnanda þáttarins til að bjóða fulltrúa kirkjunnar til að taka þátt í pallborði þáttarins og þáverandi biskupsritari, Þorbjörn Hlynur Árnason, mætti þar fyrir hönd íslensku þjóðkirkjunnar. Stuttu síðar funduðu þeir Haukur F. Hannesson og Þorbjörn Hlynur óformlega þar sem Haukur afhenti Þorbirni möppu með ljósrituðu efni um þróun og umræðu um málefni samkynhneigðra á Norðurlöndunum, ásamt bandarísku og íslensku fræðsluefni.² Í framhaldi af þeim fundi og jákvæðum viðbrögðum þáði Þorbjörn boð um að sitja upplýsinga- og kaffifund *Samtakanna 78* að Lindargötu 49, þar sem umræðuefnið var trú, kirkja og samkynhneigð. Fundurinn var vel sóttur og voru ýmsar hliðar trúar- og kirkjulífs samkynhneigðra ræddar. Að fundi loknum fæddist sú hugmynd meðal fundargesta að hommar og lesbíur mótuðu vettvang til trúariðkunar á forsendum samkynhneigðra. Nokkrir höfðu reynslu af kirkjulegu starfi lesbía og homma erlendis en aðrir tóku þátt í kirkjulegu starfi á Íslandi. Var boðað til undirbúningsfundar fyrir slíkan vettvang og lýstu allmargir áhuga á að taka þátt. Hópurinn sem hóf störf var að mestu óbreyttur fyrsta árið og stóð að helgistundum í húsi Samtakanna 78, að síðustu helgistund fyrsta starfsárs undanskilinni en hún fór fram í kapellu Háskóla Íslands.

¹ Á.S.T. starfaði með svipuðum hætti og fyrri hópur fram til ársins 2001 en hefur síðan staðið að opinberu helgihaldi í samstarfi við söfnuði í tengslum við Regnbogamestur á *Hinsegin dögum*. Aðilar á vegum Á.S.T. hafa unnið að fræðslustarfi á vegum Samtakanna 78 og komu m.a. að fundaröð P.Í og F.A.S. árið 2004; sjá *Samkynhneigð og kirkja* Kirkjuritið, sérit 2005.

² Munnleg heimild: Haukur F. Hannesson, #100411.

Markmið hópsins var frá upphafi skýrt og greindist í tvo þætti, annars vegar að sinna andlegri velferð lesbía og homma á Íslandi og hins vegar að hafa áhrif á kirkjuleg yfirvöld þannig að staða samkynhneigðra, bæði leikmanna og presta, innan kirkjunnar yrði opnari og meira í anda kærleiksboðskaps kristinnar trúar.³ Þessi hópur, sem vildi rækta og byggja upp trúarlíf á eigin forsendum, sótti fyrirmyndir sínar til sambærilegra kirkjulegra hópa á Norðurlöndunum en einnig til Kvennakirkjunnar sem stofnuð hafði verið 1993.⁴ Helgistundirnar voru með einföldu sniði; þær hófust á inngangsorðum og bæn, síðan var sunginn sálmur, að honum loknum kom hugleiðing einhvers meðlimanna, annar sálmur var sunginn, en stundinni síðan lokað með bæn.⁵ Í *Skýrslu um starfsemi Áhugahóps homma og lesbía um trúarlíf* má finna greinargott yfirlit um efnistöð þessara helgistunda, inntak bænanna og þeirrar orðræðu sem ekki rúmast í því dæmasafni sem fylgir í þriðja hluta þessarar ritgerðar.⁶ Helgistundirnar voru haldnar einu sinni í mánuði og fljótlega var farið að bjóða prestum Þjóðkirkjunnar til sérstakrar umræðu á eftir. Fyrst presta til að þiggja slíkt boð var Auður Eir Vilhjálmsdóttir, ein af stofnendum Kvennakirkjunnar.⁷

Starfsemi Trúarhópsins einkenndist af því framan af að stunda trúarlíf sem var einfalt en frjálst, í anda leikmannahópa sem lausir eru undan formi og stigveldi hinnar hefðbundnu kirkju og í takti við hina lútersku útlekkingu á kenningunni um *almennan prestdóm*. Í gegnum Kvennakirkjuna er fróðlegur sá skyldleiki sem finna má við leikmannahreyfingar sem standa fyrir og leggja áherslu á fræðslu og biblíulestra. Þær áherslur að móta og efla siðgæðisvitund samkynhneigðra má finna í orðræðu nokkurra hugleiðinga án þess þó að siðferði kynlífsins eigi að verða mælistika á trúarþroska einstaklingsins. Driffjöður í hópnum á fyrsta starfsárinu var Haukur F. Hannesson sem flutti þrjár af sjö hugleiðingum tímabilsins en aðrir áberandi meðlimir voru Lana Kolbrún Eddudóttir varaformaður Samtakanna 78, Elísabet Þorgeirsdóttir sem var ein stofnenda Kvennakirkjunnar, Eyjólfur Guðjónsson, Jón Helgi Gíslason og Páll Heimir Einarsson guðfræðingur.

³ Haukur F. Hannesson (samantekt) *Skýrsla um starfsemi Áhugahóps homma og lesbía um trúarlíf*. 1994 „Inngangur“ / Hér eftir *Skýrsla*: Borgarskjalasafn Reykjavíkur. Einkaskjalasafn nr.297 Askja 26.

⁴ Pétur Pétursson, 2000. bls. 385. Kvennakirkjan var stofnuð 1993 og skilgreind sem leikmannahópur innan Þjóðkirkjunnar sem naut lengi sérþjónustu prests og fjárframlaga frá Biskupsstofu í samhengi.

⁵ Hugleiðingarnar eru góð heimild um starfið og er orðræða þeirra því sundurgreind og nokkur dæmi tekin fyrir í síðari hluta þessarar ritgerðar. Uppbygginguna má sjá í Efnisyfirliti *Viðauka II*.

⁶ *Skýrsla* bls.1. BskR nr.297 #26: Einnig sjá Viðauka III við ritgerðina: Dagskrá starfsins á tímabilinu frá 9.janúar til 25.júní er sundurliðuð ásamt höfundanöfnum í „Efnisyfirlit“ bls.1

⁷ Í þriðja kafla (stef 4) má einnig sjá hvað var sagt við Auði í helgistundinni þann 20.febrúar og síðan um starf hennar, sjá viðeigandi fótnótur. *Skýrsla*, BskR. nr.297 #26.

Það er um margt augljóst að samveran og leitin að innri friði í ölduróti fordómafulls samfélags er ekki síður mikilvægur þáttur starfseminnar heldur en sá kirkjupólítíski. Auglýsingar hópsins bera því vitni að trúarpólítísk boðun snýr einnig að samfélagi samkynhneigðra og birtist í slagorðunum „Komið út úr skápnum í Trúmálum!“⁸ Samræðan við kirkjuna sem leitað er eftir kemur einna skírast fram í tengslum við Frelsisdag homma og lesbía sem haldinn er hátíðlegur þann 25.júní 1994, en þá hefur sá árangur náðst að fá inni í kapellu Háskóla Íslands. Sú athöfn sem þar fór fram var ekki aðeins nær hefðbundnu messuformi heldur má segja að Haukur F. Hannesson hafi þar prédikað kröftuglega í tilefni hátíðarhaldanna. Eins og eftirfarandi dæmi sýnir er tækifærið nýtt til að takast á við hið erfiða umræðuefni, að samkynhneigðir sættist við íslensku þjóðkirkjuna.

Mörg okkar hafa farið í gegn um erfitt samband við kirkjuna. Við höfum einblínt á þá neikvæðu þætti sem kirkjan hefur lagt áherslu á í gegn um árhundruðin þegar rætt hefur verið um samkynhneigð. Við höfum hafnað þessari stofnun sem lítilsvirti tilfinningar okkar og lítilsvirti þar með sköpunarverk Guðs. Hvernig getum við sótt helgihald í þessar sömu kirkju og útskúfaði okkur?... .Það er hins vegar alveg ljóst að það er ekki sami hluturinn, kirkjupólítík og trú. Kirkjupólítík er spegill hvers samtíma innan stofnunar sem hefur í sögunni gegnt fjölbreyttu samfélagslegu hlutverki.⁹

Það er augljóst að hvatningin til að draga fram jákvæðar hliðar trúarinnar var leið Hauks til að fá félag sína til að líta á þjóðkirkjuna sem stofnun sem hægt væri að verða sýnilegur innan og breyta með sömu aðferðum og hommar og lesbíur höfðu notað um allan heim; með *virkti nærveru*. Í því samhengi hélt Haukur því fram að samkynhneigðum hefði orðið nokkuð ágengt í baráttunni innan þjóðkirkjunnar þó sú barátta væri enn á frumstigi. Megininntak orða hans snéri að mikilvægi trúarinnar í lífi samkynhneigðra þar sem ræktun hennar og heilbrigð sjálfsmynd væri grundvallaratriði í þeirri trúarpólítísku baráttu sem fyrir höndum var.¹⁰

Haukur F. Hannesson fluttist af landi brott og það kom því í hlut annarra að leiða þá baráttu en þegar um haustið var ljóst að blómlegt starf er fyrir höndum. Sérstakur leshópur sem samanstendur af kjarna Trúarhópsins kemur saman einu sinni

⁸ Haukur F. Hannesson, *Skýrsla*, 1994. bls. 38 BskR. nr.297 #26

⁹ Haukur F. Hannesson *Skýrsla*, 1994. bls.41 BskR. nr.297 #26

¹⁰ Haukur F. Hannesson *Skýrsla*, 1994. bls.42 BskR. nr.297 #26

í mánuði en helgihald annars vegar og umræðufundir með gestum hins vegar markar hið opinbera starf hópsins innan Samtakanna 78. Því má segja að hinn virki kjarni hittist annan hvern sunnudag, samkvæmt *Vetrardagskrá 1994-1995* og höfðu þegar í október verið gerðar tillögur um fundarefni umræðufunda fram á vorið og hverjir komi fram í aðventuhelgistund.¹¹ Í ljósi hugmyndarinnar um *virka nærveru* fara Eyjólfur Guðjónsson og Elísabet Þorgeirsdóttir fyrir hönd hópsins á fund Karls Sigurbjörnssonar sóknarprests í Hallgrímskirkju til að ræða stöðu sína í sókninni enda búi hlutfallslega margir samkynhneigðra í Hallgrímssókn.¹² Með þesskonar vísun í starfið sem kristið félagsstarf leikmanna fær Trúarhópurinn inn í Hallgrímskirkju með aðventustund sína þá þegar árið 1994 og grundvöllur skapaðist fyrir því að reglulegar helgistundir færu fram í kirkjunni væri þess óskað. Frá þessari nýju vídd í starfi samkynhneigðra á adventunni er greint í skýrslu stjórnar Samtakanna 78 fyrir starftímabilið mars 1994 - mars 1995 á eftirfarandi hátt:

Jóladagskrá á adventu var lífleg nýjung; trúarhópurinn stóð fyrir helgistund í Hallgrímskirkju þann 18. desember eftir áður nefnt fjölskyldukaffi í húsinu og á jólanótt hvöttu samtökin félagi til að mæta í miðnæturmessu í Dómkirkjunni. Að henni lokinni var vel sótt opið hús á Lindargötunni þar sem boðið var upp á heitt súkkulaði og meðlæti í jólaskreyttu húsinu.¹³

Í helgistundina 18. desember mættu rúmlega 30 manns, þar af nokkuð af ungu fólki sem var að koma úr felum með kynhneigð sína en „*fjölskyldukaffi í húsinu*“ var hugsað sem leið til að kynna aðstandendum starfsemi Samtakanna 78. Mikil ánægja var með mætinguna og stundina sjálfa þar sem um hátt hlutfall af félagafjölda í Samtökunum 78 á þeim tíma var að ræða.¹⁴ Það er því ljóst að þrátt fyrir nokkra andstöðu innan samtakanna í upphafi aukist áhuginn á starfinu jafnt og þétt.¹⁵

Sýnileiki Trúarhópsins í *Samtakafréttum*, miðli Samtakanna 78, var mikill og góð mæting á umræðufund sem haldinn er 22. janúar 1995 undir yfirskriftinni *Þögn kirkjunnar og höfnun á samkynhneigð. Höfnun homma og lesbía á kirkju og trú.*

¹¹ Áhugahópur homma og lesbía um trúarlíf/ Skipulagsplagg vegna dagskrár, október. Margrét Pála Ólafsdóttir, formaður Samtakanna 78 flytur fyrstu hugleiðingu, sr. Bragi Skúlason sjúkráhusprestur heimsækir þau á umræðufundi 20.nóvember. BskR. nr.297 #26

¹² Munnleg heimild:: Elísabet Þorgeirsdóttir. *2.febrúar 2011*. /Upptaka #020211 í vörslu höfundar.

¹³ Hefð varð úr þeim sið sem getið er; að hittast á Lindargötu 49 í jólakaffi á aðfangadagskvöld.

Skýrsla stjórnar. Aðalfundur haldinn 1.apríl. (1995). Bls.5 BskR. nr.267 Askja 3

¹⁴ Félagar voru um 120 á þessum tíma og er fjöldinn því nálægt fjórðungi félagsmanna. Munnleg heimild: Elísabet Þorgeirsdóttir #020211.

¹⁵ „Áhugahópur lesbía og homma um trúmál hefur staðið fyrir öflugum starfi eins og þeir sjá sem lesa fréttabréfið. Helgistundir, opnir fundir og leshringur hefur starfað og er greinilegt að áhugi eykst stöðugt á starfi þeirra.“ *Skýrsla stjórnar*. Aðalfundur haldinn 1.apríl. Samtökin 78 (1995). Bls.5 BskR. Einkaskjalasafn nr.267 Askja 3

Þangað mættu sjö guðfræðinemar í tengslum við siðfræðinámskeið hjá Birni Björnssyni prófessor ásamt Karli Sigurbjörnssyni og Kristínu Guðjónsdóttur.¹⁶ Þann 18. febrúar fór síðan fram helgistund í Hallgrímskirkju þar sem Veturliði Guðnason flytur hugleiðingu, en liðsfólki Trúarhópsins þykir akkur að því þar sem hann er einn af elstu og reyndustu meðlimum Samtakanna 78. Aftur á móti verður ákveðinn ágreiningur uppi um hvort færa eigi helgihaldið alfarið í Hallgrímskirkju, en ákveðið að viðhalda sýnileika hópsins í félagsaðstöðunni að Lindargötu 49. Leshópurinn sem þar hittist viðheldur starfi sínu en á þessum tímapunkti óskar stjórn Samtakanna 78 einnig eftir því að Trúarhópurinn eigi fulltrúa í stjórn félagsins. Sigurjón Guðmundsson var þá skipaður í stjórn félagsins fyrir þeirra hönd en Lana Kolbrún Eddudóttir lét af störfum sem varaformaður Samtakanna. Starfið teygir anga sína víðar og sýnileikinn eykst. Tengslin á milli Trúarhópsins, Alnæmisamtakanna og Þjóðkirkjunnar styrktust einnig því sömu einstaklingar sóttu starf á báðum stöðum, en starf með alnæmissmituðum var í þróun af hálfu Þjóðkirkjunnar.¹⁷

¹⁶ Í kjölfarið vaknaði áhugi Elínborgar Gísladóttur og Örnú Ýrar Sigurðardóttur á að taka viðtal sem vísað er til í Heimildaskrá: Einkakjalasafn E.Þ. / Munnleg heimild: Elísabet Þorgeirsdóttir #020211

¹⁷ Jón Helgi Gíslason (Donni) var einn þeirra og tengiliður Trúarhópsins við starf Alnæmissamtakanna. Vikið er að þróun þess samstarfs í næsta kafla. Munnleg heimild: Jón Helgi Gíslason #010211.

Nokkrar birtingarmyndir virkrar nærveru.

Þegar innra starf hóps eins og þess sem hér um ræðir er skoðað er ekki úr vegi að greina lítillaga frá umhverfi og aðstæðum sem hin *virka nærvera* sprettur úr. Nefna má þrjár víddir sem hafa umtalsverð áhrif; hina jákvæðu samfélagslegu umræðu um réttarfarsbætur til handa samkynhneigðum; hina neikvæðu vídd þöggunar og fordóma sem birtist meðal annars í kirkjulegu samhengi; en að lokum hinn aðkallandi og viðvarandi vanda alnæmissmitaðra í hópi samkynhneigðra. Greina má umtalsverðan afstöðumun hjá grasrót kirkjunnar eins og hún birtist í grenndarsamfélagi sóknarinnar og upp að ákveðnu marki í guðfræðideild Háskólans samanborið við opinbera afstöðu yfirstjórnar kirkjunnar. Reynt verður að varpa ljósi á þennan afstöðumun með viðeigandi dæmum án þess að teygja anga þessarar ritgerðar til þeirrar samfélagslegu orðræðu sem birtist í fjölmiðlum en þar var af nógu að taka.¹⁸

1994 voru réttindamál talsvert í brennidepli vegna útgáfu *Skýrslu um réttarstöðu samkynhneigðra* sem starfaði á vegum forsætisráðnueytisins en hún fjallaði ekki um sambúð þjóðkirkju og samkynhneigðra á Íslandi.¹⁹ Í skýrslunni var þó rætt um þrjú atriði sem væru mikilvægust til að koma á úrbótum varðandi réttarstöðu samkynhneigðra almennt í þjóðfélaginu. Fyrst var nefnd fræðsla um samkynhneigð og hvernig uppræta mætti fordóma í þjóðfélaginu. Í öðru lagi breytingar á refsilögum til að vernda samkynhneigða vegna aðkasts og misréttis. Í þriðja lagi lagði meiri hluti nefndarinnar til úrbætur svo veita mætti samkynhneigðum í sambúð kost á að njóta réttarstöðu sem væri sambærileg við réttarstöðu hjóna. Tveir virkir meðlimir Trúarhópsins komu að vinnu nefndarinnar, þau Lana Kolbrún Eddudóttir sem sat einnig í stjórn Samtakanna 78 og Haukur F. Hannesson.²⁰

Í tilefni af útgáfu *Skýrslu nefndar um réttarstöðu samkynhneigðra* héldu Samtökin 78 málþing á Hótel Borg í janúar 1995. Þar var meðal annars fjallað um þriðja lið úrbótanna sem lagðar voru til; þá tillögu að heimila samkynhneigðum að staðfesta sambúð sína formlega. Fyrirspurn kom fram á fundinum til Þorsteins

¹⁸ Höfundur hefur í námsritgerð í siðfræði við Háskóla Íslands gert grein fyrir rannsókn á blaða-og greinarskrifum um samkynhneigð á tímabilinu í kringum að *Lög um staðfesta samvist nr.87/1996* tóku gildi. Það er mat höfundar að þau skrif varpi síður en þau dæmi sem hér eru tilgreind ljósi á sögu Trúarhópsins sérstaklega eða viðbrögð íslensku þjóðkirkjunnar á þessum tímum.

¹⁹ Þingsályktun var samþykkt á Alþingi 19. maí 1992 og 1. flutningsmaður hennar var Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Þar var lýst yfir vilja til að tryggja jafnan rétt og jafna stöðu samkynhneigðra í samfélaginu. Á grundvelli þessarar ályktunar var stofnuð nefnd með fulltrúum frá dómsmálaráðuneyti, menntamálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og hagsmunasamtökum samkynhneigðs fólks. Sú nefnd lauk störfum með útgáfu forsætisráðuneytis á *Skýrslu um réttarstöðu samkynhneigðra*, október 1994.

²⁰ Fyrir Samtökin 78 sátu Guðni Baldursson og Lana Kolbrún Eddudóttir í nefndinni. Kafla 2.6 um kirkju og samkynhneigð samdi Haukur Hannesson. Munnleg heimild: Haukur F. Hannesson. #100411

Pálssonar kirkjumálaráðherra um „*hvers það væri að mæla fyrir um kirkjulega vígslu samkynhneigðra, þ.e. að ef svo væri mælt fyrir um í lögum*“ sem hann beindi áfram til biskups með bréfi dags 27. janúar s.á. Ráðuneytið taldi að málið skyldi borið undir kirkjuráð og kirkjuþing þá um haustið.²¹ Að afstöðnu kirkjuþingi tíu mánuðum síðar barst svarbréf biskupsembættisins dags 21. nóvember. Þar harmar Ólafur Skúlason að hafa ekki getað lagt málið fyrir kirkjuþing þá um haustið en að kirkjuráð hafi fyrir sitt leyti tekið afstöðu til þeirra spurninga sem beint hafi verið til kirkjunnar. Í svarinu segir:

Kirkjan gerir sér vitanlega grein fyrir því, að prestar hennar eru ekki aðeins í þjónustu trúarlegs aðila, heldur einnig opinberir starfsmenn, sem hljóta að lúta lögum ríkisins og fyrirmælum. En kirkjan óskar alls ekki eftir því og telur það mjög vafasamt, að mælt verði fyrir því í lögum að heimild sé veitt til kirkjulegrar vígslu samkynhneigðra.²²

Bréf kirkjumálaráðherra til biskups fól í sér tvær meginspurningar og þann skilning að málið ætti að ræða á lýðræðislegum vettvangi eða færi í til þess hæfan farveg innan kirkjunnar að málefnalegar niðurstöðu og svara væri að vænta við spurningunum tveimur þ.e.: Hvert viðhorfið væri til þess að veita heimild til kirkjulegrar vígslu í lögnum og hvort prestar yrðu þá skyldir að framkvæma slíka vígslu þótt það stríði gegn sannfæringu þeirra. Hulda Guðmundsdóttir guðfræðingur kemst að þeirri niðurstöðu í meistaraprófsritgerð sinni *Kirkjuathöfn samkynhneigðra para: Samskilningur ríkis og kirkju?* að íslenska þjóðkirkjan hafi verið *guðfræðilega* vanbúin til að takast á við spurningar um samkynhneigð og vígslu staðfestar samvistar á þessum tíma og því hafi málið ekki verið rætt.²³ Ritgerð Huldu fjallar um rannsóknir á afstöðu lærðra og leikra til málefnisins á árunum 1995-2007 og án þess að niðurstöður hennar séu tíundaðar er ljóst að hennar mati að geðþóttaákvörðanir hafi ávallt ráðið afstöðu kirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu, sérstaklega í seinni tíð þegar kallað hefur verið eftir umsögnum um frumvörp að lögum frekar en að guðfræðilegri

²¹ Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups Íslands, 27. janúar 1995. Sjá heimildaskrá.

²² Svarbréf biskups Íslands til dóms- og kirkjumálaráðuneytis, 21. nóvember 1995. Sjá heimildaskrá.

²³ Hún gagnrýnir einnig að í umsögn „kirkjunnar“ um frumvarp um staðfesta samvist ári seinna sé sú „bráðabirgða úrlausn biskups“ sem vísað er til sem hans eigin orða í svarbréfinu, ítrekuð auk tilvísunar til þess að heimildir til kirkjulegrar vígslu séu ekki fyrir hendi á hinum Norðurlöndunum. K. Hulda Guðmundsdóttir, 2007. *Kirkjuathöfn samkynhneigðra para: Samskilningur ríkis og kirkju? : Um afstöðu leikra og lærðra í íslensku þjóðkirkjunni 1995-2007* bls.42-43. Einnig: Nánari umfjöllun Huldu um höfnun biskupsembættisins á þessum tímapunkti, sama bls.34-35.: Um vanrækslu kirkjunnar á því að ræða þessi mikilvægu atriði sjá „Samantekt, umræður og niðurstöður“ sama heimild, bls.155.

umræðu um málefnið hafi verið sinnt á vettvangi kirkjunnar.²⁴ Af rannsókn minni er svipaða ályktun að draga þó ítrekuð tilraun Ólafs Skúlasonar til að leiða málið til lykta hafi verið með öllu jákvæðari formerkjum en síðar varð. Þegar erindið barst óskar biskup liðsinnis Dr. Björns Björnssonar og skipar í kjölfarið nefnd um málefni samkynhneigðra sem Þorbjörn Hlynur Árnason biskupsritari veitir formennsku.²⁵

Ekki skorti viljann til verksins að sögn formannsins en þegar fram liðu stundir taldi Þorbjörn heppilegra að segja sig frá málinu heldur en það tefðist enn frekar og skipaði biskup þá nýja nefnd einnig með liðsinni Guðfræðideildar, sem vikið verður að síðar í ritgerðinni.²⁶ Þegar ljósinu er aftur beint að umræðu innan Guðfræðideildar Háskóla Íslands má minnst aðkomu prófessors Björns Björnssonar að málaflöknum enn frekar á þessum tímamarki. Heimsóknin ásamt guðfræðinemum sem minnst var á að framan leiddi af sér gjöfuga samræðu við Trúarhópin en viðtal við forsvarskonur hópsins í febrúar 1995 er merkileg heimild um starfsemi og sjálfsmýnd hópsins á þessum tíma.²⁷ Í viðtalinu lýsir Elísabet Þorgeirsdóttir fyrsta hálfu vetrinum sem „erfiðum” þar sem kirkjan væri fjarlæg í huga fólks og því tæki tíma fyrir það að sætta sig við að kristið helgihald væri stundað í samkomusal Samtakanna 78.²⁸

Guðfræðinemarnir spyrja meðal annars út í hinn pólitíska þátt Trúarhópsins og það hvort markmið hans sé að sameinast síðar meir einhverri sókn eða ganga inn í hið stærra samhengi kirkjunnar. Því neitar Lana Kolbrún Eddudóttir alfarið enda sé markmiðið að skapa trúarlegt samfélag á vettvangi samkynhneigðra. Elísabet bendir í kjölfarið á markmið og skipulag að fyrirmynd Kvennakirkjunnar:

Mér finnst frekar að markmiðið ætti að vera að við yrðum viðurkenndur söfnuður. En um leið gerist það að þegar fólk fer að rækta trú sína, þá hefur það meiri þörf fyrir að sækja helgihald, og sækir það þá í sína eigin sóknarkirkju. Kirkjan getur eignast traustari liðsmenn með okkar starfi. Við förum að sækja meira inn í

²⁴ Fyrri nefndin virðist mikil huldunefnd sem litlar heimildir finnast um aðrar en að hún hafi sagt af sér störfum: Sjá *Samkynhneigð og kirkja* 1996 bls.1. Um síðari biskupsnefndina sem Ólafur skipaði og skilaði greinargerð um samkynhneigð og kirkju (1996) er fjallað síðar í þessari ritgerð.

²⁵ Bréf kirkjumálaráðuneytis er framsent dr. Birni með ósk um að taka sæti í nefnd skipaðri með bréfi dags 20 mars 1995. Auk ofanefndra tóku Ragnhildur Benediktsdóttir, Bragi Skúlason og Sigríður Valdimarsdóttir sæti í nefndinni. Skj.Bskst. *Biskupsbréf* 1995: Nefndin hittist sjaldan vegna anna biskupsritara við formennsku í öðrum nefndum en skilaði umsögn um Frumvarp til laga um staðfesta samvist 22.apríl 1996 og kynnti sér skýrslur norskra og sænskra kirkna. Munnleg heimild: Þ.H.Á #2

²⁶ Þorbjörn sagði af sér formennsku 22. júní 1996 vegna anna. Munnleg heimild: Þ.H.Á. #2

²⁷ Heimildin er afrit Elísabetar Þorgeirsdóttur af verkefni unnu í tengslum við námskeið dr.Björns.

²⁸ „Við höfum skilgreint hlutverk trúarhópsins sem tvíþætt: Annars vegar að stunda okkar eigið helgihald og byggja upp trú okkar, hins vegar ætlum við hópnum pólitískt hlutverk, hann á að hreyfa við kirkjunni sem stofnun, vekja athygli á málefnum samkynhneigðra almennt og stöðu þeirra innan kirkjunnar.“ *Viðtal án titils* tekið 25.febrúar 1995 af Elínborgu Gísladóttur og Örnú Ýrr Sigurðardóttur. Bls.3-4 Einkaskjalasafn Elísabetar Þorgeirsdóttur

kirkjurnar eftir því sem þær opnast, en við þurfum alltaf að halda saman því við þurfum að styrkja hvert annað á svo margan hátt... Trúarhópurinn er að búa til kristið samfélag þar sem við stundum okkar trú og guðfræðin er á okkar forsendum. Þar með eflum við samstöðuna og vonandi verða betri manneskjur með þessu.....einhverskonar trúboð er í gangi!²⁹

Eins og sjá má af orðum Elísabetar og Lönu Kolbrúnar snýst sjálfsmýnd hópsins fremur um samfélag og ræktun trúarlífsins en pólitíska baráttu einvörðungu eða sálgæslustarf í hópi alnæmissmitaðra. Áhugi nemenda Björns birtist þó einnig í námsverkefnum sem snúa að þeirri vídd sem kalla má alnæmisvandann. Tvo nemendur má nefna sérstaklega sem tókust á við þá vídd af einurð; þau Hauk Inga Jónasson og Jónu Lísu Þorsteinsdóttur.³⁰ Haukur og Jóna Lísa voru bæði virk í störfum tengdum alnæmisumræðunni og samtalinu við samkynhneigða árið 1995. Jóna Lísa sagðist í viðtali ekki hafa fundið nein merki skipulegs starfs eða fræðslu á vegum kirkjunnar um mál tengd alnæmi og því hafi hún lagt sig eftir því að byggja slíkt upp í ljósi reynslunnar af kynnum við fólk sem var smitað eða veikt.³¹

Þriðja víddin árið 1995 má segja að markist af því að á vegum Rauða krossins og Alnæmissamtakanna er reynt að bæta sálgæsluþjónustu við alnæmissmitaða. Í því samhengi var boðað til fundar fyrir tilstuðlan fræðslu- og þjónustudeildar kirkjunnar til að vinna að málefninu. Fundurinn fór fram í húsakynnum Biskupsstofu þann 25. nóvember af því tilefni að Jóna Lísa hafði skipulagt námstefnu fyrir Alnæmisdaginn 1. desember.³² Á fundinn mættu til skrafs og ráðagerða aðilar úr röðum kirkjunnar, Samtakanna 78 og Alnæmissamtakanna.³³ Ákveðið var að kjósa úr röðum fundarmanna fjögurra manna hóp undir forystu Ragnheiðar Sverrisdóttur djákna sem hafði það að markmiði að undirbúa fræðsluáttak á vegum Biskupsstofu á komandi mánuðum. Í honum voru ásamt Ragnheiði, Auður Eir Vilhjálmsdóttir, Elísabet

²⁹ Sama heimild, bls.6

³⁰ Haukur Ingi vann kandídatsritgerð sína við guðfræðideild Háskóla Íslands, *Alnæmi (AIDS): Siðferðileg álitamál og sálgæsla* (1995) undir leiðsögn Björns Björnssonar. 1995. Jóna Lísa vann kandídatsritgerð á sviði sálgæslu- og kennimannlegrar guðfræði um ráðgjöf, sálgæslu og starf með alnæmissjúkum. Jóna Lísa Þorsteinsdóttir, *Alnæmi, kirkjan og AA*, Háskóli Íslands 1995.

³¹ „Ég þurfti ekki að tala við marga ... til að fá staðfesta mjög sterka þörf fyrir andlega leiðsögn, trúarlegan stuðning eða fræðslu. Margir...vita ekki hvernig þeir geta ræktað trú sína, eða hvort þeir vilji það yfirleitt. Efi um hvort þeir vilji leita Guðs er oft tengdur þeim skilaboðum sem einstaklingurinn telur kirkjuna gefa, þ.e. að hún líti á alnæmi sem sjúkdóm er tengist syndsamlegri hegðun, eða stafi af lífernir sem kirkjan hafni og því hljóti að felast áfellisdomur í þögn hennar og afskiptaleyzi.“ *Alnæmi og kirkjan*. Víðförli, 15.árg. 1.tbl. mars 1996, bls.6

³² Aðalfyrirlasari var Lars-Olof Juhlin, sænskur prestur og alnæmisráðgjafi. J.L.Þ #091010

³³ Átta einstaklingar úr ranni kirkjunnar mættu til fundar en þau voru Björn Björnsson, Ólafur Oddur Jónsson, Auður Eir Vilhjálmsdóttir, Cecil B. Haraldson, Ragnheiður Sverrisdóttir, Haukur Ingi Jónasson, Jóna Lísa Þorsteinsdóttir og Anna Sigríður Pálsdóttir. Á vegum Samtakanna 78 mættu átta aðilar, fimm úr Trúarhópnum en þrír úr stjórninni og á vegum Alnæmissamtakanna þrír aðilar.

Þorgeirsdóttir og Sigurður Karlsson.³⁴ Segja má að hér sé um að ræða fyrstu merki formlegs samstarfs á milli Þjóðkirkjunnar og Samtakanna 78.

Þegar litið hefur verið til þessara þriggja vídda, kirkjulegrar, samfélagslegrar og þeirrar sem snertir á alnæmisvandanum er ekki úr vegi að minnast þess að helgistundir og umræðufundir héldu áfram með svipuðu sniði og fyrr auk þess sem leshópurinn hittist reglulega. Af nýjungum í starfinu má þó nefna heimsókn Trúarhópsins í messu Kvennakirkjunnar þann 19. nóvember í Fríkirkjunni í Hafnarfirði. Þann 6. desember var þess farið á leit við Hauk Inga Jónasson sem þá var æskulýðsfulltrúi Þjóðkirkjunnar að taka að sér samfylgd með hópnum og tók hann þeirri beiðni vel.³⁵ Aðventumessa í Hallgrímskirkju þann 18. desember markar að einhverju leyti tímamót þar sem það er í fyrsta skipti sem prestur prédikar, en það var Auður Eir Vilhjálmsdóttir. Þjónustan var annars í anda helgihalds Kvennakirkjunnar þar sem meðlimir Trúarhópsins skiptu með sér lestri bæna og ritningarorða en Lana Kolbrún Eddudóttir flutti einnig hugleiðingu um réttlætið.³⁶

³⁴ Munnleg heimild: Ragnheiður Sverrisdóttir #101010 / Einnig: Elísabet Þorgeirsdóttir #020211

³⁵ Elísabet Þorgeirsdóttir, Munnleg heimild: #020211

³⁶ *Dagskrá helgistundar -18.des* BskR. nr.267 #26

Hræringar í samstarfi kirkjunnar og Trúarhópsins.

Árið 1996 fór af stað með umtalsverðu fundahaldi þess hóps sem áður var nefndur og Ragnheiður Sverrisdóttir leiddi. Unnið var að því að stór fræðslufundur fyrir presta yrði haldinn í febrúar svo framsögufólk var fundið og ákveðið hvaða mál yrðu í brennidepli. Á fræðslufundinum sem haldinn var þann 22. febrúar komu fram fjölbreytt erindi um málefni samkynhneigðra en að honum stóð Fræðslu- og þjónustudeild kirkjunnar.³⁷ Ákveðið var að fundurinn yrði lokaður fyrir fjölmiðlum sökum heitrar umræðu í þjóðfélaginu meðal annars vegna þess að frumvarp að *lögum um staðfesta samvist* samkynhneigðra var tilbúið og yfirvofandi að það yrði að lögum þá um sumarið.³⁸ Fundurinn varð fyrir margra hluta sakir sögulegur og eftirminnilegur þeim sem hann sátu, meðal annars vegna þess að þar tók Björn Björnsson siðfræðiprófessor skýra afstöðu með þeim réttindum sem samkynhneigðir settu á oddinn og studdi mál sitt guðfræðilegum rökum. Þá skarst í odda með Birni og fundarmönnum sem höfðu sig í frammi, meðal annarra Friðrik Schram, formaður *Ungs fólks með hlutverk* og Magnús Björnsson, framkvæmdastjóri *Kristilegs félags heilbrigðisstétta*, en þeir mótmæltu málflutningi Björns harkalega.³⁹ Stuttu áður höfðu þeir ásamt hópi forstöðumanna ýmissa frjálsra kristinna safnaða ritað undir ályktun sem birt var í fjölmiðlum. Þar sagði meðal annars:

„Ef yfirvöld setja í lög rétt samkynhneigðra til að giftast og ættleiða börn og viðurkenna þannig samkynhneigt lífarni sem eðlilegt, verður það ekki til heilla fyrir þjóðina. Hins vegar er það til blessunar fyrir þjóðfélag okkar að löggjöf sé byggð á kristnu siðferði.“⁴⁰

Þau viðhorf sem komu fram á fundinum stefndu áframhaldandi samstarfi í nokkra tvísýnu enda þó nokkur áróðursherferð fyrir ofangreindum sjónarmiðum rekin af hálfu einstakra aðila innan kirkjunnar. Sem dæmi má nefna að Friðrik Schram sótti

³⁷ *Fundardagskrá 22.febrúar Kirkjan og samkynhneigðir..!* Erindin voru eftirfarandi: *Samkynhneigðir og trú (framsögur:)*; Elísabet Þorgeirsdóttir og Guðbrandur Baldursson / *Hvað segir Biblían um samkynhneigð? Hvað segir guðfræðin?* Dr. Björn Björnsson, prófessor / *Frumvarp til laga um staðfesta samvist. Hvaða réttindi fá samkynhneigðir með þessu frumvarpi?* Björg Thorarensen, fulltrúi frá Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu / *Að minnst samkynhneigðs manns, undirbúningur útfarar*. Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson. BskR.nr.297 #26

³⁸ *Lög um staðfesta samvist (nr.87/1996)* gengu í gildi 27.júní s.á og er fjallað um hér að aftan.

³⁹ Munnleg heimild: Elísabet Þorgeirsdóttir #020211

⁴⁰ Tveir vígðir menn innan þjóðkirkjunnar rita undir ályktunina; sr. Magnús Björnsson, framkvæmdastjóri Kristilegs félags heilbrigðisstétta og sr. Halldór Gröndal sóknarprestur í Grensáskirkju. „Löggjöf sé byggð á kristnu siðferði“ Morgunblaðið, 14.febrúar 1996.

Leikmannastefnu Þjóðkirkjunnar og lagði fram umdeilda tillögu um að *Þjóðkirkjan hverfi í engu frá viðurkenndum biblíulegum siðferðishugmyndum* til að þrýsta á yfirstjórn kirkjunnar en fékk þær ekki samþykktar.⁴¹ Sú atburðarás leiddi til þess að Friðrik lagði niður hið þjóðkirkjutengda *Ungt fólk með hlutverk* og stofnaði *Íslensku Kristskirkjuna* stuttu síðar. Sú óvissa sem hafði komið upp um samstarfið við fræðsludeildina leystist þegar hinn víðtæki stuðningur í samfélaginu varð ljós við að *Lög um staðfesta samvist nr.87/1996* öðluðust gildi.⁴²

Að kvöldi 26. júní 1996 kom fjöldi samkynhneigðra og aðstandenda þeirra saman í svokallaðri Miðnæturmessu í Fríkirkjunni sem Samtökin 78 stóðu að til að fagna gildistöku *Laga um staðfesta samvist*. Forsvarsfólkinu var mikið í mun að umgjörðin hæfði tilefninu. Í aðdraganda samkomunnar hafði Trúarhópurinn farið þess á leit við Karl Sigurbjörnsson að fá að koma saman til helgistundar í Hallgrímskirkju af sama tilefni í ljósi góðs samstarfs árið áður. Ljóst var að guðfræðiátökin á fræðslufundinum í febrúar höfðu stýgt Karl sem hafði nú efasemdir um að heimila helgistund af þessu tilefni og vísaði málinu í farveg formlegrar umsóknar til sóknarnefndar.⁴³ Í bréfi dagsettu 11. júní 1996 fór Elísabet Þorgeirsdóttir, fyrir hönd *Áhugahóps homma og lesbía um trúarlíf*, þess á leit við sóknarnefndina að fá að halda helgistundina í Hallgrímskirkju.⁴⁴ Erindi Trúarhópsins var tekið fyrir á sóknarnefndarfundum kirkjunnar þann 12. júní og hafnað með þessum orðum:

Okkur þykir fyrir því að geta ekki að þessu sinni orðið við beiðni yðar um helgistund í kirkjunni. Með vinsemd og virðingu f.h. sóknarnefndar Hallgrímskirkju í Reykjavík.⁴⁵

Í þeirri erfiðu stöðu sem upp var komin leitaði Trúarhópurinn til Cecils B. Haraldssonar í Fríkirkjunni í Reykjavík, um að fá að koma saman að kvöldi 26. júní. Sóknarnefnd Fríkirkjunnar samþykkti að Samtökin 78 fengju aðgang að kirkjunni umrætt kvöld með því athyglisverða skilyrði að í helgistundinni færi ekki fram neitt

⁴¹ Stefnan fer fram í Skálholti 23-24. mars og leggur Friðrik fram ályktun til samþykktar „þar sem skorað er á forystumenn, starfsfólk og meðlimi þjóðkirkjunnar að hverfa í engu frá viðurkenndum biblíulegum siðferðishugmyndum sem varði samkynhneigð.“ Fundarmenn hvetja til umburðarlyndis og afgreiðslu ályktunarinnar er frestað um ár. Helgi K. Hjálmsón, *Árbók Kirkjunnar* 1996, bls.41-42.

⁴² 28.maí er gefið í skyn að láta verði undan þrýstingi frá Friðrik og hætta samstarfi en 1.júlí er yfirlýsing dregin til baka „að hátíðinni lokinni!“ Munnleg heimild: Elísabet Þorgeirsdóttir #020211

⁴³ Munnleg heimild: Elísabet Þorgeirsdóttir, #020211

⁴⁴ *Til sóknarnefndar Hallgrímskirkju*. Tölvubréfi dagsett 11.júní 1996. sign. EP. Einkaskjalasafn E.Þ/

⁴⁵ *Áhugahópur homma og lesbía um trúarlíf c/o Elísabet Þorgeirsdóttir*. Símbref 13.júní 1996. sign.Brynja Runólfssdóttir. Einkaskjalasafn E.Þ./

atferli eða blessunarathafnir sem túlka mætti sem kirkjulegar vígslur yfir einstaklingum sem ætluðu að staðfesta samvistir sínar.⁴⁶ Ekki varð skilyrðið til fyrirstöðu enda ekki ætlun þessa stóra hóps samkynhneigðra að ögra kirkjunni með því að eiga þar samfélag á „helgustu stund“ í sögu samkynhneigðra á Íslandi

Megin markmið Trúarhópsins en um leið stjórnar Samtakanna 78 var sú að þessi merkisviðburður í réttindabaráttu homma og lesbía á Íslandi öðlaðist tengingu við hið kristna samfélag. Sú staðreynd að tímamótunum var fagnað í kirkju en ekki í félagsaðstöðu Samtakanna 78 eða á einhverjum skemmtistað undirstrikaði þá helgun og ábyrgð sem fylgir því að staðfesta samvistir sínar með opinberum hætti en var um leið tilraun Trúarhópsins til að setta samkynhneigða við trúarveruleikann og kirkjuna. Ræðufólki kvöldsins varð tíðrætt um þýðingu þess að vera saman komin frammi fyrir augliti Guðs á þessum tímamótum; það væri „óendanlega mikilvægt“. Þess ber að geta að hér var ekki einungis um „samverustund“ í Fríkirkjunni að ræða, heldur miðnæturmessu þar sem sungnir voru sálmar, lesið var úr heilagri ritningu og áhrifaríkar bænir voru beðnar.⁴⁷ Um 150 manns komu í Fríkirkjuna og deildu gleði sinni yfir þessum atburði með hátíðlegum hætti. Margrét Pála Ólafsdóttir, formaður Samtakanna flutti hugleiðingu og Páll Óskar Hjálmtýsson söng en Haukur Ingi Jónasson gerði tilraun til að ávarpa samkomuna með kirkjulegri hugleiðingu.

Þann 27. júní var síðan slegið upp opinberum fagnaði í Borgarleikhúsinu þar sem helsta ráðafólk þjóðarinnar var samankomið til að samfagna samkynhneigðum.⁴⁸ Að afstaðinni fjölmiðlaumfjöllun um hátíðarhöldin hafði þjóð-og þjóðkirkjunnar fólki orðið ljóst að víðtækur stuðningur var fyrir hendi varðandi málstað samkynhneigðra. Í tengslum við starf fræðslu-og þjónustudeildar kirkjunnar spratt upp lítil hópur sem kallaði sig *Samstarfshóp kirkjufólks um samkynhneigð*.⁴⁹ Haustið 1996 fundaði þessi hópur vegna fyrirhugaðs fræðsluátaks en í *Árbók Kirkjunnar* minnst Örn Bárður Jónsson fræðslustjóri, auk fræðslufundarins 22. febrúar, á Trúarhóp Samtakanna 78 í fyrsta skipti með formlegum hætti.⁵⁰ Þar er eðli og tilgangi hópsins lýst í tengslum við Skálholtsferð sem farin var 28-29. september með þessum orðum:

⁴⁶ Skilyrðið er sett fram í svarbréfi sóknarnefndar, undirritað af sóknarnefndarformanni Sigurði Guðmundssyni. Frumritið er líklega glatað. Munnleg heimild: Elísabet Þorgeirsdóttir #020211.

⁴⁷ Messuskrá: *Miðnæturmessu í Fríkirkjunni* BskR. nr.297 #26 / Einnig: *Bænir* Einkaskjalasafn E.Þ.

⁴⁸ Frú Vigdís Finnbogadóttir forseti, forsætisráðherra, borgarstjóri o.fl. voru viðstödd hátíðarhöldin.

⁴⁹ Auður Eir Vilhjálmisdóttir og Gunnar R Matthíasson sjúkrahúsprestur Alnæmissamtakanna unnu auk Ragnheiðar Sverrisdóttur með hópnum á tímabili. Munnleg heimild: Ragnheiður Sverrisdóttir #101010.

⁵⁰ Örn Bárður Jónsson, „Starfið á árinu 1996“ *Árbók Kirkjunnar* 1996, bls.56 Athygli vekur að í skýrslu fræðslustjórans koma öll samskipti við samkynhneigða fram undir liðnum *Líknaþjónusta*.

*Þessi trúarhópur hefur reglulegar samverur og fær til sín ýmsa frá kirkjunni til að fræðast um trúna.*⁵¹

Samveran í Skálholti mun hafa verið fræðslu- og vinnuferð með það að markmiði að skipuleggja samstarf vetrarins 1996-1997 en þó varð snemma ljóst að Trúarhópurinn myndi ekki koma beint að því fræðsluátaki sem stefnt var að.⁵² Markmið þess *samstarfshóps kirkjufólks* sem áður var nefndur og Trúarhópsins var að slík ferð yrði árlegur viðburður í samstarfi Trúarhópsins og Þjóðkirkjunnar og gekk hún í alla staði vel.⁵³ Í Skálholt héldu 12 meðlimir Trúarhópsins að þessu sinni.⁵⁴

⁵¹ Árbók Kirkjunnar segir frá samveru í Skálholti í samstarfi við *Áhugahóp homma og lesbía um trúmál*. Lýsingu fræðslustjórans má halda til haga enda eina opinbera lýsing á því starfi sem um er fjallað í útgefnu efni kirkjunnar fram að þeim tíma. Sama heimild, bls.57

⁵² Umræður á Prestastefnu 1996 fólu í sér að stefnt yrði að fræðsluátaki sem enn var ómótað en Þjóðmálanefnd kirkjuþings tók það upp á sína arma þá um haustið. *Gerðir kirkjuþings* 1996.

⁵³ Munnleg heimild: Jón Helgi Gíslason, #010211

⁵⁴ Dagskrá og skráningarskjöl Skálholsferðar. Einkaskjalasafn Elísabet Þorgeirsdóttir.

Málefni samkynhneigðra í kirkjupólítískum farvegi.

Áherslurnar í starfi hópsins breyttust nokkuð þegar hin pólitísku mál komust í virkan farveg innan kirkjunnar. Svo skemmtilega vildi til að Prestastefna fór fram í Digraneskirkju dagana 25-27. júní 1996 og lauk því á hátíðardegi samkynhneigðra. Af því tilefni samþykkti prestastefna hátíðlega og afdráttarlausa yfirlýsingu um að „kirkjan móti skýra stefnu til staðfestrar samvistar samkynhneigðra og að nefnd sú er skipuð var skili álitni hið fyrsta.“⁵⁵ Eins og áður var lýst var sú nefnd formannslaus frá 22.júní og fór biskup þess á leit við Ólaf Odd Jónsson að veita henni nú forstöðu.

Þann 24. júlí skipar kirkjuráð „nýja nefnd sem fjalla skyldi meðal annars um guðfræðileg, siðferðileg og lagaleg rök og álitamál er varða stöðu samkynhneigðra.“⁵⁶ Fyrir hönd „nýju nefndarinnar“ sem tók til starfa um sumarið skiluðu Ólafur Oddur og Jóna Lís Þorsteinsdóttir *Greinargerð um samkynhneigð og kirkju til Kirkjuþings* þann 15. október 1996.⁵⁷ Pistil um mál kirkjuþings í *Árbók Kirkjunnar* 1996 hefur Baldur Kristjánsson, biskupsritari á þeim orðum að það sé „trúlegt að samþykktin um samkynhneigð og kirkju verði sú sem haldi 27. kirkjuþingi helst á lofti í framtíðinni.“⁵⁸ En þó ljóst sé að málið sé komið á dagskrá breytast hinar kirkjupólítísku aðstæður að því loknu og sú andstaða sem varð við tillögur nefndarinnar herðist raunar þegar fram liðu stundir. Í þessari annars merkilegu greinargerð sagði meðal annars:

Þjóðkirkjan vill vera ábyrg fyrir samfélaginu öllu og hefur ekki gert neina athugasemd við lögin um staðfesta samvist nr.87/1996. Í ljósi þess og í ljósi greinargerðarinnar hér að framan leggjum við til við biskup Íslands, kirkjuráð, kirkjuþing og prestastefnu að stofnanir þjóðkirkjunnar fari þess á leit við helgisíðanefnd, að gert verði ritual um bæn og blessun fyrir samkynhneigt fólk sem staðfest hefur samvist sína. ... Með því að samþykkja þetta væri þjóðkirkjan að virða upplýst sjálfræði fólks og réttindi þess í réttarríki sem hún er hluti af og vill standa vörð um.⁵⁹ (1.gr. nefndarálits úr Samkynhneigð og kirkja 1996.)

⁵⁵ *Árbók Kirkjunnar* 1996, bls.23-24. Um nefndarstörfín sem vísað er til var hvorki fjallað í Gerðum Kirkjuþings - Árbókum kirkjunnar frá 1995/1996 né *Greinargerð um samkynhneigð og kirkju*, 1996.

⁵⁶ Í „nýju nefndina“ voru skipuð Jónína E. Þorsteinsdóttir, (Jóna Lís sem þegar er getið í ritgerðinni) fræðslufulltrúi kirkjunnar á Norðurlandi, Ólafur Jóhannsson sóknarprestur og Ólafur Oddur Jónsson, sóknarprestur sem jafnframt var formaður nefndarinnar. *Gerðir Kirkjuþings* 1996, bls.111

⁵⁷ Ólafur Jóhannsson sagði sig úr nefndinni með bréfi dagsettu 3. okt. 1996, en hafði þá unnið hluta greinargerðarinnar. Ólafi þótti tíminn sem nefndin fékk of naumur til að skila niðurstöðum sem sátt væri um: Sjá Bréf Ólafs Jóhannssonar í *Samkynhneigð og kirkja* 1996. bls.72. Ástríður Stefánsdóttir, læknir og heimspekingur, var einnig fengin til liðs við nefndina með sérfræðiálit: Sama heimild, bls.1

⁵⁸ Baldur Kristjánsson, *Árbók kirkjunnar* 1996. bls. 33

⁵⁹ Greinargerðin *Samkynhneigð og kirkja* 1996. bls. 69

Tillögurnar sem settar voru fram í sjö liðum í greinargerðinni fara á þinginu til umfjöllunar í allsherjarnefnd þess.⁶⁰ Hún tekur ekki undir neina þeirra með afgerandi hætti. Aðeins var tekið undir þau sjónarmið sem snúa að fræðslu og því að vinna gegn fordómum en engin ákvörðun tekin nema sú að fjölga í nefndinni til að vinna að frekari tillögum sem hægt verði að leggja fyrir næsta kirkjuþing. Hvar sem málefnið var tekið fyrir er vikið að mikilvægi „nærferinnar og einlægrar umræðu um málefni samkynhneigðra.“⁶¹ Að mati Huldu Guðmundsdóttur birtist tepruskapur kirkjunnar í því að engin þeirra nefnda sem fjölluðu um málefni samkynhneigðra á þinginu hafi vikið að því sem skipti þá þegar mestu máli og „hvatt til umræðu um að samþykkt verði að samkynhneigð þör geti hlotið vígslu í kirkju, þ.e. fullum mannréttindum verði náð og fólk geti valið á milli borgaralegrar og kirkjulegrar giftingar.“⁶²

Fyrirnefndri nefnd um samkynhneigð og kirkju bættist þó liðsauki samkvæmt samþykkt kirkjuþings og var það fulltrúi samkynhneigðra og þátttakandi í helgihaldi Trúarhópsins, Einar Örn Einarsson organisti í Keflavík. Það var þó til lítills þar sem hún starfaði lítið sem ekkert í framhaldinu. Eitthvað hafði breyst og kosningaskjálfti færðist yfir kirkjunnar menn, þar sem biskupskjör var yfirvofandi í kjölfar ávirðinga sem bornar voru á biskup og yfirlýsingar Ólafs Skúlasonar sem kom fram á þinginu um að hann myndi láta af embætti á árinu 1997.

Erfitt er að segja til um hvers vegna áherslur í starfi Trúarhópsins breytast upp frá því að *Lög um staðfesta samvist nr.87/1996* ganga í gildi. Það má skoða í ljósi samtímaatburða og langvarandi baráttu samkynhneigðra fyrir því að ná þeim stað sem þau eru nú komin á. Afgreiðsla Kirkjuþings á tillögunum sem fram komu í greinargerðinni *Samkynhneigð og kirkja* hafði einnig þau áhrif á Trúarhópin að Lana Kolbrún Eddudóttir, einn öflugasti liðsmaðurinn í hinu pólitíska samhengi, hætti starfi með hópnum vegna sjónarmiðanna sem komu fram, eða öllu heldur í ljósi þöggunarinnar sem varð um tillögurnar; þess að sjónarmið hugsjónafólks innan kirkjunnar komu ekki fram. Það var mikill missir fyrir hópinn og hafði þau áhrif að sumum fannst þeir þurfa taka afstöðu með yfirlýsingunni sem í brotthvarfinu fólst. Eins hneigðist það starf hópsins sem fram fór í tengslum við starfsfólk kirkjunnar nú

⁶⁰ Í Allsherjarnefnd þingsins sátu: dr. Einar Sigurbjörnsson, formaður, sr. Einar Þ. Þorsteinsson, sr. Karl Sigurbjörnsson, Guðmundur Magnússon, sr. Hreinn Hákonarson, sr. Svavar A. Jónsson og Steingrímur Ingvarsson. Sjá *Gerðir Kirkjuþings* 1996. bls. 11.

⁶¹ Orðalagið kemur sérstaklega fyrir *eftir Nefndarálit allsherjarnefndar* og vekur athygli þar sem það virðist snúa að því að tempra alla umræðu um að mannréttindi samkynhneigðra séu viðfangsefni kirkjunnar. *Gerðir Kirkjuþings*, Þingsályktun um samkynhneigð og kirkju, 7.mál, bls.111

⁶² K. Hulda Guðmundsdóttir, 2007. Bls. 75-76. Sjá einnig *Gerðir Kirkjuþings* 1996, bls. 182.

meir að starfi í anda líknarþjónustu en þess guðfræðilega ígrundaða safnaðarstarfs sem ætlað væri að vaxa, eins og veganestið frá Kvennakirkjunni hafði undirbyggt.

Aðventusamvera Trúarhópsins var haldin 14. desember 1996 í Hallgrímskirkju en stundina leiddi sr. Gunnar Rúnar Matthíasson. Hún var með ólíku sniði en áður, hálfgerð kyrrðar- og íhugunarstund. Organistinn Einar Örn Einarsson söng litaníu og slökkt var á ljósum, en í stað hugleiðingar var svokölluð *hugleiðingarstund* þar sem spilað var á orgel og lesið úr ritningunni við kertaljós í myrkvaðri kirkjunni. Síðan var sérstök fyrirbænastund.⁶³ Ljóst er að jólaboðskapnum um sigur ljóssins og fögnuði í samfélagi við aðra samkynhneigða var betur sinnt með þeim hætti sem varð að árlegri venju Trúarhópsins, að sækja miðnæturmessu í Dómkirkjunni og koma svo saman í félagshúsinu að Lindargötu 49. Samstarf Ragnheiðar Sverrisdóttur og Auðar Eir við leshóp Trúarhópsins hélt þó áfram fram yfir jól en þær skiptust á að koma einu sinni í mánuði á Lindargötu. Helgihaldið sem var styrkur litla samfélagsins á Lindargötu lenti aftur á móti í óvissu. Í ljósi þess hófu nokkrir félagar að sækja messur og annað safnaðarstarf í Hallgrímskirkju með það að leiðarljósi að vera sýnileg í söfnuðinum. Þegar að leshópurinn hafði lokið yfirferð um greinargerðina *Samkynhneigð og kirkja* og gefið álit sitt á henni dró mjög úr starfi hans.⁶⁴

⁶³ *Dagskrá aðventu og jólasamveru trúarhóps Samtakanna* 78 1996. BskR. n.297 #26

⁶⁴ Munnleg heimild:: Ragnheiður Sverrisdóttir #101010. Einnig Elísabet Þorgeirsdóttir #010211

Vonbrigði á kosningaári í kirkjunni.

Í upphafi kosningaárs Þjóðkirkjunnar til nýs biskups var tíðinda beðið af prestastefnu sem haldin yrði á Akureyri 1997. Þar yrði skýrslan sem fjallað var um að framan, kynnt og ýmis erindi flutt um samkynhneigð. Hulda Guðmundsdóttir gerir grein fyrir því í áður nefndu verki (2007) að ýmsir hafi reiknað með að prestastefnan myndi samþykkja ályktun þess efnis að helgisíðanefnd yrði falið að vinna drög að blessunarformi fyrir staðfesta samvist. Hún segir andstæðinga málsins hafi knúið fram breytingu á síðustu stundu sem fólst í því að fylgjast ætti með umræðum í systurkirkjunum en að álitserð yrði lögð fram að ári liðnu.⁶⁵ Þeirri afgreiðslu sem málið hlaut á prestastefnunni tók Trúarhópurinn með ákveðnum fyrirvara; von um að með biskupaskiptum myndu þau jákvæðu ferli sem voru þegar hafin ná fram að ganga. Hafa verður í huga í því samhengi að Auður Eir var í framboði en hún hafði stutt hópinn með margskonar samstarfi og einnig Karl Sigurbjörnsson sem hafði heimilað afnot af Hallgrímskirkju vegna aðventustundar. Innan kirkjunnar var fólki aftur á móti að verða ljóst að mjög hörð andstaða ákveðins hóps eitraði andrúmsloftið og dró úr frumkvæði og vilja til samtals um málefnið.⁶⁶

Lokahnykkur samstarfs Trúarhópsins við Þjóðkirkjuna varð því áður en til prestastefnunnar kom en lýsti þegar kulnandi samskiptum. Vonbrigðin hófust þegar afdrif fræðsluátaks sem unnið hafði verið undir nafninu *Samræða um sjálfsmyndina* á vegum fræðslu- og þjónustudeildar kirkjunnar og þjóðmálanefndar urðu ljós.⁶⁷ Þegar félagar Trúarhópsins sóttu fund sem ætlaður var söfnuðum höfuðborgarsvæðisins, þann 12. apríl 1997 varð fljótlega ljóst að nær engir yrðu á fundinum utan þeirra sjálfra. Forsvarskona þessa hóps sem var kominn til að fylgjast með því hvernig fræðslufundur kirkjunnar um samkynhneigð færi fram, spurði í undrun sinni sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson, formann þjóðmálanefndar, hvernig stæði á því að engir prestar væru þangað komnir til fræðast um erindi þjóðmálanefndar varðandi samkynhneigð. Viðurkenndi Jakob þá að prestar á svæðinu höfðu ekki verið boðaðir á fundinn.⁶⁸

Greinilegt er af skrifum Elísabetar Þorgeirsdóttur í *Orðið* ári síðar, hvaða áhrif

⁶⁵ K. Hulda Guðmundsdóttir, 2007. Bls. 77-8. Sjá endanlega samþykkt stefnunnar, lið 3.

⁶⁶ Jóna Lís Þorsteinsdóttir lýsti umsnúningi á jákvæðum viðhorfum frá Kirkjuþingi sem voru þögnuð á prestastefnunni og því að *kulda* hafi mátt greina í samræðum um málið. Munnleg heimild: #091010.

⁶⁷ Fundir fræðsluátaksins fóru þrisvar fram; í Dómkirkjunni, Keflavíkurkirkju og Akureyrarkirkju.

⁶⁸ Elísabet Þorgeirsdóttir 1999. (*Enn eru kirkjudyrnar læstar – Bréf til Guðfræðinema* Orðið 33. árg. bls. 87-89.) Próförk. Uppsett rit kom aldrei út, styrkveitingar stóðu skyndilega á sér þegar upp komst að þemað væri um samkynhneigð og kirkju en vísað er til uppsettrar prófarkar og blaðsíðutals. Ritstjóri var Erla Karlsdóttir – í samræðu við höfund. / Einkaskjalasafn Elísabetar Þorgeirsdóttur.

afdrif fræðsluátaksins hafði á Trúarhópinn. Þegar fræðsluátak *um* samkynhneigð varð að fræðsluátaki *fyrir* samkynhneigða þar sem umræða um *fíkniefnavandann* og *sjálfsvíg* voru í forgrunni, varð það eðlilega ekki til þess að hvetja til samstarfs á guðfræðilegum forsendum. Fyrst samþykkt var á Kirkjuþingi að koma á fræðslu um samkynhneigð – af hverju mátti þá ekki fræða eingöngu um samkynhneigð?⁶⁹

Sú ályktun verður dregin af nálgun kirkjunnar í þessu máli að samkynhneigðir séu ekki hópur sem fagna beri að bætist við litróf hinnar boðandi kirkju, heldur hluti þess hóps skjólstæðinga sem kirkjan biður fyrir, hópur sem hin þjónandi kirkja á að hjálpa. Þegar hér er komið sögu hafa öll samskipti kirkjunnar við hópinn færst inn á svið líknarþjónustu, raunar í samræmi við að mál sem vörðuðu blessunarform yfir staðfestri samvist voru færð inn á svið sálgæslu og fyrirbænar í framhaldinu. Virðist því sem svo að hugmyndin um að Trúarhópurinn væri hluti hinnar íslensku þjóðkirkju sem tæki þátt í samræðu á jafnréttisgrundvelli, hafi verið kirkjunnar mönnum fjarlæg.

Í ljósi þess óróleika sem virk nærvera Trúarhópsins skapaði í aðdraganda biskupskosningarinnar var sú ákvörðun tekin í samráði við stjórn Samtakanna 78 að reyna að festa miðnæturmessu í Fríkirkjunni í sessi sem upphafsstund Frelsishátíðar samkynhneigðra.⁷⁰ Í aðdraganda messunnar er leitað til nokkurra presta um að þjóna en í því harðnandi andrúmslofti sem ríkir í kringum prestastefnuna á Akureyri veigrar vígt fólk sér við því að starfa með þessu vandræðabarni. Aftur á móti var þeim bent á nýútskrifaðan guðfræðing, Elínborgu Gísladóttur sem var reiðubúin til að flytja hugleiðingu.⁷¹ Fyrir hönd Samtakanna 78 talaði Percy B. Stefánsson varaformaður.⁷² Helgistundin var hluti opinberrar dagskrár Frelsishátíðarinnar eins og árið áður og var vel sótt. Aukinn sýnileiki, eða virk nærvera trúarstarfs samkynhneigðra á tímamótum fagnaðar, leiddi til þess að þann 5. október óskaði prófastur Barðstrendinga, Flosi Magnússon eftir því að hefja samstarf við hópinn. Var hann að vinna í að koma úr felum með kynhneigð sína og fagnaði Trúarhópurinn þessum liðsauka en báðir aðilar bundu vonir við að Flosi gæti sinnt sérþjónustu við samkynhneigða í framhaldinu.⁷³

⁶⁹ *Enn eru kirkjudyrynar læstar* Orðið 33.árg.bls.88. *ibid.*/ Einnig: Hulda Guðmundsdóttir fjallar um þetta misheppnaða fræðsluátak og segir lítið fara fyrir gögnum í skjalasafni biskupsstofu um það eða nokkrar áætlanir er varða fræðslu um samkynhneigð árum saman; sjá K.Hulda Guðmundsdóttur 2007 bls.79.

⁷⁰ Svar sóknarnefndarformanns Fríkirkjunnar 11.júní 1997. /Einkaskjalasafn E.Þ.

⁷¹ Elínborgar var getið fyrir sbr. ívitnað *Viðtal án titils*.

⁷² *Dagskrá Miðnæturmessu í Fríkirkjunni 26.júní 1997*. BskR. nr.297 #26.

⁷³ Munnleg heimild.: Elísabet Þorgeirsdóttir. #020211

Að loknu biskupskjöri síðsumars 1997 var ljóst að Karl Sigurbjörnsson yrði næsti biskup yfir Íslandi. Eftir að úrslitin lágu fyrir lagði sá hópur sóknarbarna hans sem var kjarni Trúarhópsins metnað sinn í að skipuleggja helgistund, ekki bara í Hallgrímskirkju heldur með honum sjálfum. Þau töldu að með því að sýna fram á velvilja verðandi biskups tækist að skapa sátt á meðal samkynhneigðra um samskiptin við þjóðkirkjuna þrátt fyrir þá stöðu sem komin var upp verðandi óskir þeirra um kirkjulega blessun staðfesta samvista á kirkjupólítískum vettvangi. Um leið myndi kirkjunnar mönnum verða ljóst að Karl sinnir helgihaldi með þeim af fullri einurð.⁷⁴

Helgistundin fór fram 11. október, á sólríkum degi, en ljóst var að þrátt fyrir auglýsingar í útvarpi yrði almenn mæting úr Samtökunum 78 dræm utan hins fasta kjarna Trúarhópsins.⁷⁵ Það sem stuðar gesti stundarinnar þó enn fremur er að velvilji verðandi biskups er síður en svo skýr og í hugleiðingu sinni fjallar hann hvorki um meðferð málefna samkynhneigðra innan kirkjunnar né þá farvegi sem blessunarathöfn yfir staðfestri samvist sé í.⁷⁶ Andrúmið var vandræðalegt og sálmaðal endurspeglaði syndaskilning kirkjunnar, iðrunina og forsjón Guðs.⁷⁷ Í ljósi þess að samkynhneigðir höfðu hafnað orðræðu kirkjustofnunarinnar um samkynhneigð í ljósi syndarinnar eygðu gestir helgistundarinnar síður von um að breytingar væru í farvatninu.⁷⁸

Ljóst má vera að helstu bandamenn samkynhneigðra og Trúarhópsins var að finna í háskólasamfélaginu þar sem fræðileg umræða er virkust um guðfræðileg efni. Þar fer Ólafur Oddur Jónsson fremstur í flokki í forföllum prófessors Björns Björnssonar. Á Kirkjuþingi haustið 1997 lagði Ólafur þau erindi sem flutt voru á prestastefnunni um vorið fram í viðaukum við ritgerð sína, í bókinni *Trú, kynhneigð og náungi minn* og verður talsverð umræða af því.⁷⁹ Hún skilaði sér í samþykkt þingsályktunartillögu kirkjuráðs um „að markvisst verði unnið að fræðslumálum á vegum íslensku þjóðkirkjunnar um málefni samkynhneigðra í samhljóðan við samþykkt kirkjuþings 1996 og prestastefnu 1997.“⁸⁰ Sú markvissa vinna hófst aftur á móti aldrei en afdrif þingsályktunarinnar og þrýstingur á að henni væri fylgt eftir hefur verið tekin ítarlega fyrir í ritgerð Ármanns H. Gunnarssonar *Sköpuð í Guðs*

⁷⁴ Munnleg heimild.: Elísabet Þorgeirsdóttir/Jón Helgi Gíslason, #010211

⁷⁵ Munnleg heimild.: Elísabet Þorgeirsdóttir. #020211

⁷⁶ Munnleg heimild: Elísabet Þorgeirsdóttir/Jón Helgi Gíslason, #010211

⁷⁷ *Dagskrá helgistundar 11. okt. 1997* BskR. nr.297 #26.

⁷⁸ Meðal annars orðræðu um alnæmi sem refsingu Guðs en einnig þann hjónabandsskilning sem byggir á grunni mannskilnings Mósebókar 1:27 og gagnkvæmni kynjanna. Sjá Karl Sigurbjörnsson, 2001.

⁷⁹ Ólafur Oddur Jónsson, *Trú, kynhneigð og náungi minn* 1997.

⁸⁰ Þetta er því þriðja ítrekun um fræðsluátakið. *Gerðir Kirkjuþings 1997, bls.163.*

mynd: Guðfræðileg umræða um samkynhneigð. Einnig fjallar Hulda Guðmundsdóttir á greinargóðan hátt um útúrnúninga og vítaverða vanrækslu sem hindra alla vinnu við fræðslu um samkynhneigð, fræðsluáttak eða framkvæmd þess allt til ársins 2004.⁸¹

Í samfélagi guðfræðinema var umræðan um blessunarathöfn áfram virk en vandræðabörnin í Trúarhópnum voru kölluð á fund þeirra um málefnið þann 5. nóvember í Safnaðarheimili Fríkirkjunnar.⁸² Í kjölfar fundarins var svo biðlað til fundarmanna um efni í rit guðfræðinema, *Orðið*, þar sem víkja átti að þemanu *Samkynhneigð og kirkja*. Í því samhengi ritaði Elísabet Þorgeirsdóttir fyrir ívitnað *Bréf til guðfræðinema* um málefni Trúarhópsins. Þar segir meðal annars:

„[V]irðist málið vefjast svo fyrir kirkjunnar mönnum að allt er farið í strand. Meira að segja séra Karl Sigurbjörnsson, sem hefur komið á fundi hjá Trúarhópi Samtakanna “78 og lánað okkur Hallgrímskirkju undir trúarsamkomur, þorði ekki að hætta atkvæðum í biskupskjöri og gangast við þessum óhreinu börnum í sjónvarpsþætti fyrir kosningar. Hann notaði þá afsökun að hann hefði ekki enn þá unnið heimavinnuna sína. Þessi orð særðu mörg samkynhneigð sóknarbörn hans.“⁸³

Það varpar einnig ljósi á afstöðu háskólasamfélagsins til starfs Trúarhópsins að Flosi Magnússon fékk leyfi til þess að stunda helgihald í kapelli Háskólans með hópnum og komu þau þar saman í fyrsta skipti þann 16. nóvember. Þar þjónar ásamt Flosa, Ragnheiður Sverrisdóttir djákni en messan fær nokkra athygli þar sem Stöð 2 sendir út frétt og viðtal í kjölfarið.⁸⁴ Með því messuhaldi gat Flosi nýtt sér starfsemi Trúarhópsins til að opinbera kynhneigð sína með jákvæðum formerkjum. Það má vera ljóst í þessu samhengi að meðlimir Trúarhópsins voru ekki á sama hátt virkir þátttakendur í helgihaldinu eftir að Flosi kom til sögunnar. Flosi skipulagði og framkvæmdi messurnar á eigin vegum fyrir hópinn en ekki í virku samstarfi við hann. Því má segja að Flosi hafi ekki gengið til liðs við hópinn eða félagsstarf Samtakanna 78 svo að eftir slitrótt samstarf lýkur samfylgd þeirra á vormánuðum 1998.

Þess má geta að í lok árs 1997 brast þolinmæði samkynhneigðra í garð kirkjunnar og yfirstjórnar hennar, meðal annars vegna óánægju með rangfærslur í

⁸¹ Niðurstöðuna sem ég vísa til er að finna á bls.79 en kaflinn *Fræðsla um „málefni samkynhneigðra“* (s.79-84) tekur vegna þessara ígrunduðu tafa á málinu ekki til hins afmarkaða tímabils sem ég fjalla um í ritgerðinni. Rétt er þó að taka fram að sú vanræksla sem biskupsembættið gerist sekt um telur Hulda vítavert brot á reglum um starfshætti í opinberri stjórnsýslu. K. Hulda Guðmundsdóttir, 2007.

⁸² Bollí Pétur Bollason, *Annáll stjórnar*, Orðið, 34.árg 1998. bls.192

⁸³ Elísabet Þorgeirsdóttir, 1999 – próförk. Einkaskjalasafn Elísabetar Þorgeirsdóttur.

⁸⁴ Steingrímur Sævarr Ólafsson flutti fréttina og lýsti jákvæðum anda hennar í samtali við höfund.

tilsvörum verðandi biskups í aðdraganda biskupskosninga.⁸⁵ Framkoma í fjölmiðlum flækti stöðuna enn frekar og að afloknu Kirkjuþingi var umræðan innan kirkjunnar dregin fram í Dagsljós Ríkissjónvarpsins, þar sem andstæðum sjónarmiðum var stillt upp eins og stríðandi fylkingum.⁸⁶ Þessi mikla spenna leiddi af sér vaxandi ólgu innan Samtakanna 78 um viðleitni Trúarhópsins til samstarfs við Þjóðkirkjuna. Ljóst var orðið að jafningjar ættu ekki í samræðu heldur réðu valdhafar trúartúlkunarinnar því hversu langt mannréttindi þeirra næðu. Hitamálið var vissulega hvort þeim yrði hleypt inn í kirkjuhúsið til að hljóta bæn blessun yfir samvistir sínar eða ekki. Höfnun kirkjunnar birti bresti sem leiddi af sér og endurspegluðust í vonbrigðum þeirra sem höfðu gert sér væntingar um að þokast myndi í áttina á Kirkjuþinginu. Andrúmið fylltist jafnvel af slíkri tortryggni að Trúarhópurinn afréð að fara þess ekki á leit við kirkjuna né þjóna hennar að halda hina árlegu aðventustund eða jólamessu.

Vonbrigðin voru svo fullkomnuð á prestastefnu 1998 þegar ljóst varð að helgisiðanefnd hafði ekki sinnt því að vinna álitserð um möguleika á blessunarritúali eins og samþykkt prestastefnu 1997 hafði kveðið á um.⁸⁷ Um afgreiðslu helgisiðanefndar hefur verið fjallað ítarlega í ritgerð Huldu Guðmundsdóttur (2007) og setur hún í kjölfarið fram athyglisverðar niðurstöður.⁸⁸ Þöggun og misráðnir starfshættir varðandi umfjöllun um málefni samkynhneigðra beri því vitni að hún hafi ekki tekið það alvarlega að vera gagnrýnin og spámannleg rödd í lífi þjóðar sinnar eins og Þorvoo samþykktin sem þjóðkirkjan var þá þegar aðili að, kveði á um.⁸⁹

Það þöggunarferli sem hófst upp frá þessu, þrátt fyrir víðtækan þrýsting á kirkjustjórnina úr ólíkum áttum á næstu árum, breytti stöðu þess vandræðabarns sem *Áhugahópur homma og lesbía um trúarlíf* var orðinn í gegnum allan sinn sýnileika. Þöggunin dró mátt og frumkvæði úr honum og hin úthverfa nærvera varð innhverfari. Ákvörðun um að draga sig út úr umræðu um kirkjulega blessun staðfestar samvistar

⁸⁵ Vísað er til ummælanna að framan (ftn.77) en steininn tók úr að mati forsvarsfólks Trúarhópsins þegar ljóst varð af orðum Karls Sigurbjörnssonar, að hann myndi ekki hafa frumkvæði að því að samvistir þeirra yrðu blessaðar opinberlega, í umræðuþætti á Ríkissjónvarpinu þann 21. desember 1997.

⁸⁶ Í þættinum sátu sr. Gunnar Sigurjónsson og sr. Geir Waage fyrir svörum en *andmælendur* voru hópur samkynhneigðra ásamt Ólafi Oddi og Ágústi Þór Árnasyni mannréttindalögfræðingi. Þátturinn var í umsjón Evu Maríu Jónsdóttur en meðal andmælenda frá Samtökunum 78 voru Heimir Már Pétursson, Margrét Pála Ólafsdóttir og Elísabet Þorgeirsdóttir. *Dagsljós RÚV*. 2. desember 1997.

⁸⁷ Ljóst er af rannsókn Huldu að helgisiðanefnd hóf hvorki sjálfstæða vinnu né byggði á vinnu Ólafs Odds til að taka afstöðu til málsins. Málið fór ekki formlega fyrir nefndina og þá álitserð sem hún átti að vinna er ekki að finna í skjalasafni biskupsstofu. K.Hulda Guðmundsdóttir, 2007. bls.78-79. (ft.216)

⁸⁸ Hulda segir misbresti hafa orðið á en að miðað við núverandi þjóðkirkjufyrirkomulag sé það bæði eðlilegt og nauðsynlegt að samskilningur sé á milli stjórnsýslunnar og þjóðkirkjunnar um að horfast í augu við þróun mannréttindamála. K.Hulda Guðmundsdóttir, 2007. bls.152

⁸⁹ K.Hulda Guðmundsdóttir, „*V.Samantekt, umræður og niðurstöður*“ 2007. bls.152

og önnur kirkjupólítísk málefni var tekin 26. ágúst 1998 og skipt um nafn á hópnum.⁹⁰ Af hálfu Biskupstofu hafði þegar verið skorið á öll tengsl og hjá þjóðmálanefnd varð að blása af frekara fræðsluáttak um samkynhneigð í ljósi skipulagsbreytinga.⁹¹

Þó sýnilegir sigrar hafi ekki unnist í baráttu fyrir fullum réttindum innan kirkjunnar vegna trúarpólítískrar nærveru hópsins þá hafði vitundarvakning orðið um virkt trúarlíf á meðal samkynhneigðra þegar hér er komið sögu. Í þjóðfélaginu hafði sú vakning áhrif á viðhorf fólks, ekki eingöngu til samkynhneigðar heldur og á viðhorfin til kirkjunnar vegna þversagnakenndra viðbragða hennar. Vissulega hafði virk nærvera og málflutningur samkynhneigðra snúið mörgum innan kirkjunnar á þessum tíma, en það sem snéri að umræðu innan kirkjunnar um málefni samkynhneigðra hafði upp frá þessu verið lagt í hendur prestastéttarinnar.⁹²

⁹⁰ Ákvörðun var tekin um að sinna eingöngu innra starfi og að hópurinn kalli sig Á.S.T. – *Áhugahóp samkynhneigðra um trúarlíf*. Minnisblað fundar Á.S.T. Einkaskjalasafn Elísabetar Þorgeirsdóttur.

⁹¹ Þrátt fyrir það sinnti Elísabet í framhaldinu áfram beiðnum um framsögu á fundum um trúarlíf, kirkju og samkynhneigð fyrir hönd hópsins. Minnisblað fundar Á.S.T. (26.ágúst 1998). Sama heimild.

⁹² Elísabet Þorgeirsdóttir, 1999. Einkaskjalasafn Elísabetar Þorgeirsdóttur.

3. Orðræða Áhugahóps homma og lesbía um trúarlíf. (1994)

Hugleiðingarnar sem hér er tekist á við eru frá tímabilinu 9. janúar til 25. júní 1994. Við greiningu á meginþáttum hugleiðinganna eru helstu stefin í orðræðu hópsins flokkuð og sett upp í líkan sem birtir heildarmynd af inntaki hugleiðinganna. Við þróun líkansins kom í ljós að þrjár megin víddir var að finna. Sú fyrsta snéri að fordómum í umhverfinu og er því nefnt *fordómastef*. Önnur víddin snéri að reynslu samkynhneigðra í þessu umhverfi og baráttu þeirra við að koma úr felum varðandi kynhneigð sína. Er stefið því nefnt *Úr felum*. Bæði þessi stef snúa að einhverju leyti að neikvæðum viðhorfum, erfiðri reynslu en fela jafn framt í sér þá orðræðu sem er andsvar við fordómum og lýsir þeirri frelsandi reynslu að gangast við tilfinningum sínum og eignast samfélag með sínum líkum. Þriðja víddin er orðræða um trúna og hlutverk hennar í uppbyggingu jákvæðrar sjálfsmyndar en þar má greina guðfræðilegar áherslur sem lúta að boðskapnum um *að vera sköpuð í Guðs mynd*. Því hefur stefinu verið valið heitið *sköpunarstef*. Tvö síðarnefndu stefin (2b og 3b) eiga sameiginlega persónulega vídd sem lýtur að einstaklingsbundinni uppbyggingu og mótun heilbrigðrar sjálfsmyndar.⁹³ Sérstök ástæða þótti að halda til haga efni sem varpar ljósi á sögulega þróun málaflokksins og þróun mála innan þjóðkirkjunnar sértaklega. Slíkir textar eru flokkaðir sem *kirkjupólítískt-stef* (4) en innan þess má greina sterkan undirtón hinnar pólitísku orðræðu samkynhneigðra á tímabilinu.

Í undirköflum 3.1-3.4 eru birt dæmi úr hugleiðingum í meginmáli.

Flokkunarlíkanið er tæki sem einnig mætti beita á stakar hugleiðingar. Líkanið og flokkarnir eru skýrðir með tilvísunum svo að það eitt og sér standi sem ákveðin greining á orðræðu hópsins. Slík yfirferð gerir að verkum að einstakar hugleiðingar og stíll höfundanna njóta því miður ekki sannmælis. Þessi leið er valin í ljósi þess að markmið greiningarinnar er að varpa upp heildarmynd af inntaki orðræðunnar.

Í Viðauka I við ritgerðina má sjá hvernig greining hugleiðingar fer fram með aðstoð líkansins. Í einstökum tilvikum er vísað til stærra samhengis neðanmáls.

⁹³ Í ljósi þess að dæmin birtast hvorki í tímaröð né er samhengi textans skýrt er bent á hugleiðingu í Viðauka II/ sem er að upplagi heildstæð birtingarmynd þess hvernig stef 2b og 3b renna saman.

Greiningarlíkan þróað með hliðsjón af hugleiðingum Trúarhópsins.

Í eftirfarandi töflu má sjá stefin fjögur og undirflokka þeirra í númeruðum liðum. Að auki er orðræða hvers stefs fyrir sig skýrð í stuttu máli og þær áherslur sem þar birtast.

Stef:	Undirflokkur:	Tegund orðræðu og áherslur:
1. Fordómar:	1a. gagnkynhneigðarhyggja samfélagsins – almennt stef. 1b. í nafni trúar-stef – óháð kirkjudeild / frjálsir söfnuðir 1c. í nafni trúar-stef - innan úr íslensku þjóðkirkjunni	Orðræða um fordóma sem fólk mætir í samfélaginu í nokkrum víddum, orðræða sem felur í sér andsvör við fordómum með vísunum í kærleiksboðskap Krists / „að koma fram við aðra eins og sjálfan sig.“ / trú á eigin forsendum - skörun á milli 1c. og 4a.
2.Úr felum:	2a. félagsleg vídd – þjóðfélagshópur 2b. persónuleg vídd – reynslusögur um ferlið að gangast við samkynhneigð.	Orðræða um réttindabaráttu samkynhneigðra sem hóps, félagsvitund T-hóps / glíman við að koma úr felum í samhengi fjölskyldu og eigin sjálfsmyndar.
3. Sköpunarstef:	3a. í mynd Guðs – guðfræðilegt stef 3b. þáttur trúar í endursköpun heilbrigðrar sjálfsmyndar	Orðræða um mikilvægi trúar, þáttur guðfræðilegra /siðfræðilegra raka „að vera sköpuð í mynd Guðs“ jafnstaða samkynhneigðra <i>coram deo</i> í sköpuninni
4.Kirkjupólítík:	4a. um þróun mála í þjóðkirkjunni.	Samtímalýsingar á samskiptum við þjóðkirkju / skörun á milli 4a. og 1c.

3.1 Orðræða um fordóma – Fordómastef.

Fordómastefið einkennist af gagnrýni á orðræðu úr þremur áttum. Það eru andsvör við og orðræða um samfélagslega gagnkynhneigðarhyggju sem og úrelt viðmið geðlæknisfræðinnar um samkynhneigð sem sjúkdóm. Komið er inn á uppeldi, fjölskylduna og þær takmarkanir sem fordómafullt samfélag skapar hinum samkynhneigða til að þroskast með reisn. Þróun neikvæðrar sjálfsmyndar hjá einstaklingi á kynþroskaskeiði felst meðal annars í því að gagnkynhneigð viðmið geta leitt af sér innrætingu fordóma sem sá samkynhneigði brýtur sjálfan sig niður með.

Í fordómastefinu felst orðræða sem tekst á við dóma þeirra sem nýta „trúarleg rök“ eða segja alnæmi vera *refsingu Guðs*, hvort sem hún kemur utan úr samfélaginu almennt eða er úr röðum kirkjunnar manna. Þó tekist sé á við orðræðu *í nafni trúar skín* í gegn ánægja og stolt yfir því að stunda trúarlíf á eigin forsendum.⁹⁴

1a. Samfélagslegir fordómar - gagnkynhneigðarhyggjan.

Ljóst er af greiningunni að mörg dæmi orðræðu um *almenna* fordóma er að finna, oft í tengslum við alnæmisvandann, en meginþáttur umfjöllunarinnar er þó fordómarnir sem birtast í gagnkynhneigðum félagslegum viðmiðum. Fordómastefi (1a) bregður því oft fyrir í aðdraganda frásagna af reynslunni af því að koma úr felum(2b).

Dæmi úr hugleiðingu Lönu Kolbrúnar Eddudóttur 17. apríl:⁹⁵

Allt okkar uppeldi og öll sú fræðsla sem við fáum, jafnt í skólanum sem inni á heimilinu og annars staðar í umhverfinu, gerir ráð fyrir því að við séum af ákveðinni tegund og munum falla í ákveðin hólf í veröldinni, í samfélaginu ... En svo kemur að þeim degi að við áttum okkur á þeirri, oft á tíðum bitru, staðreynd að við þössum ekki inn í draumana sem foreldrar okkar og þar með við sjálf ólum í brjósti. Okkur lesbíum og hommum er ekki ætlað að verða þátttakendur í draumaveröldinni sem heitir samfélag gagnkynhneigðra... ...Um leið og við snúum baki við draumamyndinni af framtíðinni upplifum við sorg og söknuð. Sama gera foreldrar

⁹⁴ Reiðin sem kirkjupólítísk mannréttindabarátta vekur eða hefur vakið í gegnum tíðina fullyrðir höfundur að sé umfjöllunarefni en ekki drifkraftur hugleiðinganna sem eru skoðaðar.

⁹⁵ Dæmi Lönu Kolbrúnar varpar upp mynd af sorg og brostnum draumum samkynhneigðra í heimi gagnkynhneigðra. Til mótvægis tiltekur hún mikilvægi þeirrar hugmyndafræði sem hefur skapað samfélag samkynhneigðra þrátt fyrir aldalanga útskúfun. Menning og réttindabarátta eru einkenni á orðræðu Lönu Kolbrúnar en þrátt fyrir það er svar hennar við veruleika gagnkynhneigðarhyggjunnar fólgið í svari með trúarlegum undirtón. Sjá annað dæmi í stef 2a / *Skýrsla* bls.30-32 BskR. nr.297 #26

okkar. Hræðsla, reiði og jafnvel afneitun eru algeng viðbrögð fjölskyldunnar og okkar sjálfra við tíðindunum.⁹⁶

1b Gagnkynhneigðarhyggja – í nafni trúar.

Haukur F. Hannesson víkur í hugleiðingu frá 9. janúar 1994 hörðum orðum að fordómum siðgæðispostula sem hrópa í nafni trúar.⁹⁷ Aðra birtingarmynd má finna hjá Eyjólfu Guðjónssyni sem segir bókstafstrúarmenn sem fordæmi samkynhneigt lífverni um leið fordæma allt kynlíf sem ekki hafi það að markmiði að geta börn. Í hans huga er það einfaldlega brýnt hagsmunamál til að áréttu mikilvægi kristinna siðferðisgilda, að hægt sé að gifta sig í kirkju og bæta þannig siðgæði eigin samfélags:

En illar tungur og stóryrtar hafa því miður haft áhrif á fólk og fjöldi samkynhneigðra lætur sig ekki dreyma um varanleg ástarsambönd – hjónabönd - sökum fordæmingarinnar, burt séð frá þeirri staðreynd að sömu siðgæðisviðhorf ríki í okkar samböndum og annarra ... Þetta er döpur staðreynd sem okkur ber með kristilegu hugarfari að vinna gegn ... Því það sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra ... Og öll erum við einn maður í samfélaginu við Krist. Því eru illar tungur í okkar garð ekki ásættanlegar og okkur ekki sæmandi. Því eins og kristin kirkja boðar okkur: Elska skalt þú Drottinn Guð þinn...

(Lúk.10:27)⁹⁸

Höfundar hugleiðinganna eiga það almennt sameiginlegt að fjalla um náungakærleik, Krist eða kristna siðfræði almennt í kjölfar fordómastefs 1b. Segja má að áherslur þeirra lúti þá fremur að því að leita sátta á grundvelli kristinnar boðunar heldur en að vekja reiði með útlistunum á eðli fordómanna. Því má segja að orðræða sköpunarstefsins (3a og 3b) sé einnig andsvar við árásum af trúarlegum toga. Það er eðlilegt að fordómum *í nafni trúar* sé svarað með orðfæri trúar, enda snúið að svara fullyrðingum um að „alnæmi sé refsing Guðs“ með öðrum rökum.⁹⁹

Guðfræðingurinn í hópnum, Páll Heimir Einarson útskýrir hugmyndina um að elska náungann eins og sjálfan sig (*Lúk.10:27*) með eftirfarandi hætti:

„Elska skaltu náungann eins og sjálfan þig“ lesum við og jánkum hikandi því þetta eru jú afskaplega falleg orð. Á mannamáli þýðir þessi texti biblíunnar hinsvegar; „Elska skaltu náungan því að hann er eins og þú“. Þannig er þessi texti ekki aðeins

⁹⁶ Lana Kolbrún Eddudóttir, *Skýrsla*, 1994 bls. 30 / BskR.nr.297 #26

⁹⁷ *sýnidæmi* - sjá Viðauka I, bls.2 / einnig *Skýrsla* bls.6-9 BskR. nr.297 #26

⁹⁸ Eyjólfur Guðjónsson, *Skýrsla* bls.14. BskR.nr.297 #26

⁹⁹ Eins og gefur að skilja eru mörg dæmi um alnæmis-orðræðu sem óþarft er að tiltaka hér. Þó má í samhengi nefna að sá sem fordæmir má eiga von á að *refsingar Guðs* sé að vænta – (Mt.11:1).

falleg orð í helgri bók heldur vinnuþag, hvatning til manna um að sinna mennsku sinni í kærleika.¹⁰⁰

1c Í nafni trúar – svar við þögn kirkjunnar.

Stefið á við orðræðu um sögu fordóma kirkjunnar í víðu samhengi sem og dulda fordóma kirkjustjórnar og starfsfólks.¹⁰¹ Skörunin við kirkjupólítíska stefið (4a) felst í því að neikvæð umræða á heima í báðum flokkunum. Hér er dæmi frá Hauki F. Hannessyni þar sem hann mætir dómhörku kirkjunnar með guðfræðilegu andsvari:

Þó að kirkjan hafi oft á tíðum sett sjálfa sig í dómarasæti yfir gjörðum mannanna og útdeilt dómum yfir þeim, er ekki þar með sagt að guð hafi gert slíkt hið sama. Í kristinni trú er kærleikurinn undiralda trúarlegrar upplifunar. Í biblíunni er talað um hvernig Kristur stóð upp og varði réttindi þeirra sem mannlegt samfélag þess tíma hafði útskúfað, varði rétt þeirra til kærleika og mannglegrar reisnar. Það er í þessari boðun, kærleiksboðuninni, sem kjarninn í kristinni trú felst.¹⁰²

Það er vissulega þögn og afskiptaleysi kirkjunnar sem sögð er birtingarmynd fordóma þeirra sem innan hennar starfa. Afstöðuleysi og upplýsingarskortur presta um málefni samkynhneigðra þegar kemur að fermingarfræðslu er eitt viðfangsefna Lönu Kolbrúnar Eddudóttur. Hún gagnrýnir prestana fyrir að takast ekki á við það að unglíngarnir eru að ganga inn í samhengi kirkju þar sem veruleika samkynhneigðra er hafnað. Hún segir mörg þeirra þá hafa snúið baki við Guði og mætti trúarinnar:

Ekki síst vegna þess að við fáum þau skilaboð að hommar og lesbíur séu ekki Guði þóknanleg og líf sem samkynhneigður sé óframkvæmanlegt í samfélagi við Guð. Við sem erum samkynhneigð eigum ekki samleið með hinum ... Með því að lifa opið og stolt sem lesbíur og hommar reynum við á þólrif náungans og hjálpum honum til þess að opna augun fyrir fjölbreytileik lífsins eins og Guð skapaði það.¹⁰³

Það er áhugavert hvernig Trúarhópurinn hefur fundið sér hlutverk í að vinna á fordómum innan kirkjunnar með sýnileika og nærveru. Þó ótti kirkjunnar fólks við að vinna með þeim endurspegli fordóma eru lýsingar á kirkjulegri þöggun, afskiptaleysi og hroka flokkaðar sem hluti stefis (4) sem er tileinkað samskiptum við Þjóðkirkjuna.

¹⁰⁰ Páll Heimir Einarsson, *Skýrsla bls. 37* BskR. nr.297 #26

¹⁰¹ Haukur og Elísabet ræða bæði erfitt samband kirkju og samkynhneigðra í sögulegu ljósi.

¹⁰² Haukur F. Hannesson, *Skýrsla bls. 8* BskR.nr.297 #26

¹⁰³ Lana Kolbrún Eddudóttir, *Skýrsla bls. 32* BskR. nr.297 #26

3.2 **Reynslan af að koma úr felum**

Stefið *Úr felum* hefur bæði innhverfa og úthverfa vídd; önnur fjallar um mótun samfélagsvitundar kúgaðs minnihlutahóps en hin um persónulega mótun sjálfsmýndar í samhengi við kynhneigðina. Sú kynslóð samkynhneigðra sem um ræðir er mótuð af því að alast upp í einsleitu þjóðfélagi sem mótað er af gagnkynhneigðarhyggju og hinni erfiðu reynslu að koma út úr skápnum. Í öllum hugleiðingunum er því snert á þeim fleti, oftast í ljósi hinnar persónulegu glímu en einnig er tilurð samkynhneigðra sem þjóðfélagshóps hluti þessarar orðræðu. Jafnvel mætti túlka þá orðræðu sem snertir á feimnismálinu að vera bæði trúaður og samkynhneigður hér undir.

2a. Að koma úr felum sem þjóðfélagshópur : Félagsleg barátta

Mörg stef í anda baráttu fyrir félagslegu réttlæti er að finna í orðræðu hópsins. Bæði Haukur F. Hannesson og Lana Kolbrún Eddudóttir leggja áherslu á að enginn afsláttur verði gefin af því að sérstaða samkynhneigðra njóti viðurkenningar kirkjunnar. Menning samkynhneigðra og baráttuaðferðir eru til umræðu og sá árangur sem hefur náðst á liðnum árum eða er í sjónmáli.¹⁰⁴ Grundvöllurinn sem skapar samfélag samkynhneigðra er sérstaða sem vekur samkennd á milli mjög ólíkra einstaklinga. Það er því hið menningarlega samhengi samkynhneigðra frekar en hið trúarlega sem gefur styrk til sjálfsmýndarsköpunar hópsins að mati Lönu Kolbrúnar. Hún bendir á að sú saga og hugmyndafræði sem finna má og kynna sér á bókasafni Samtakanna 78 sé grundvöllur trúarstarfs samkynhneigðra í eftirfarandi dæmi:

Í herberginu hér beint fyrir ofan okkur er þjappað saman í nokkrar yfirfullar bókahillur menningu okkar og hugmyndafræði. Þetta er herbergið þar sem vegabréfin okkar eru gefin út, vegabréfin inn í heim lesbía og homma. Þar er samsafn vitnisburða sem allir segja: Ég tók skrefið og sagði skilið við samfélagið sem mér var ekki ætlað, sem gerði ekki ráð fyrir mér. Ég fór þessa leið og skapaði mér eigið líf, þú átt líka von.¹⁰⁵

Grundgildi á meðal samkynhneigðra í félagslegu samhengi er „að *allir* megi vera eins og þeir eru.“ Það leiðir af sér að jafnvel þau sem ákveða að stunda sameiginlegt trúarlíf á eigin forsendum eigi pláss í félagsskapnum og rýminu þó slík

¹⁰⁴ „Við höfum upplifað breytingar í viðhorfum gagnvart homnum og lesbíum, breytingar sem eru fyrst og fremst þrotlausri elju okkar sjálfra að þakka. Við höfnum því að hægt sé að útskúfa okkur á neinu sviði þjóðfélagsins. Við höfnum því að við séum annars flokks borgarar í íslensku þjóðfélagi. Við viljum sama aðgang að stofnunum þjóðfélagsins og gagnkynhneigðir, viljum hafa sama val um líf okkar og þeir.“ Haukur F. Hannesson, Skýrslan, bls.24 / BskR. nr.297 #26

¹⁰⁵ Lana Kolbrún Eddudóttir, *Skýrsla*, bls.31 BskR. nr.297 #26

iðja sé öðrum félagsmönnum þvert um geð. Elísabet Þorgeirsdóttir ræðir trúna í ljósi þess styrks sem þangað má sækja þegar tilgangssleysi grípur inní líf hins samkynhneigða, þegar kjarkurinn til þess að takast á við samfélagið er drifinn áfram með ögrandi lífsstíl. Hún segir höfnun kirkjunnar á samkynhneigðum leiða til þess að mikilvægur þáttur mannlegrar tilveru verði út undan; *hin samfélagslega vídd trúariðkunarinnar*.¹⁰⁶ Elísabet vísar í ákveðið ferli þar sem það sem hún kallar *trúarþörf* fær útrás í baráttu fyrir málstað samkynhneigðra en krefst þess síðan að þroskast. Fyrir henni rétt eins og hinum er því mikilvægt að *koma út úr skápnunum* innan Samtakanna 78 sem hópur sem iðkar kristna trú sína. Það er birtingarmynd enn einnar tegundar af félagslegri baráttu.¹⁰⁷

2b Persónuleg reynsla af því að koma úr felum.

Allar hugleiðingarnar snerta á einhvern hátt á persónulegri glímu hvers og eins við að sættast við kynhneigð sína og mætti kalla almennasta stefið. Svo sjálfsagðar eru reynslusögur af slíku þó persónubundnar séu að nær óþarft væri að birta dæmi. En nálgun Páls Heimis Einarssonar guðfræðings sker sig úr.¹⁰⁸ Páll Heimir virðist hafa þroskað með sér öðruvísi trúarvissu en hinir og nálgast umfjöllun um ferminguna á allt annan hátt en Lana Kolbrún Eddudóttir hér að framan (stef 1c). Páll Heimir víkur ekki orði að ábyrgð prestsins almennt á afstöðu kirkjunnar heldur nýtir fræði sín og leggur út af því að Biblían sé ekki bókin um Guð eins og margir vilji meina heldur bókin um manninn gagnvart Guði. Í ljósi þess fjalli hún um samband manns og Guðs og geti gefið þeim ómetanlegan styrk sem einangrast og dvelur *í felum*:

Sé maður í tengslum við sæmilega ræktað trúarlíf og hafi maður, vegna þess, tekið ferminguna sem eitthvað sem skiptir máli, þá hefst oft athyglisvert uppgjör við sjálfan sig gagnvart Guði. Smámsaman skapast nýtt samband á nýjum forsendum sem eru lausar við veraldlegt og þjóðfélagslegt gildismat, samband við Guð í okkar aðstæðum. Lífið í skápnunum tekur þannig á sig nýja mynd frammi fyrir augliti Guðs og trúarlífið vex og þroskast áfram í þessari sérkennilegu einangrun. Haldreipið er Guð, sem með fyrirheitinu um eilíft líf vegna Krists, gefur kraft til þess að halda áfram.¹⁰⁹

¹⁰⁶ „Það getur vantað tilgang og til lengdar er vont að afneita trúarþörfinni. Þó að við höldum áfram að sniðganga kirkjuna hugsum við um trú í einrúmi eins og aðrar manneskjur eða leitum á önnur mið í andlegum efnun ... En það hentar ekki öllum að iðka trú sína í einrúmi. Það er miklu skemmtilegra að vera saman í hópi.“ Elísabet Þorgeirsdóttir, *Skýrsla* bls. 19 BskR. nr.297 #26

¹⁰⁷ Elísabet Þorgeirsdóttir, *Skýrsla* bls. 20 BskR. nr.297 #26

¹⁰⁸ Víkið er að því í inngangi að stef 2b og 3b sköruðust og er hugleiðing Páls dæmi þess. Hana má lesa í *Viðauka III (Skýrsla* bls.36-38). Á grundvelli guðfræðimenntunar er eðlilegt að Páll nálgist efnistöð hugleiðingar sinnar með biblíulegri hætti en kollegar hans. Túlkunin á 1.Mósebók k.32 er áhrifarík.

¹⁰⁹ Páll Heimir Einarsson, *Skýrsla* bls.37 BskR. nr.297 #26

3.3 Mannskilningur og sjálfsmynd – Sköpunarstef.

Í sköpunarstefinu er um tvær megináherslur að ræða. Annars vegar guðfræðilega grundvallaða orðræðu sem birtist í áherslu á sköpun í Guðs mynd, *imago dei* og kærleiksboð Krists. Hins vegar er um að ræða orðræðu í samtali við syndarhugtakið og friðþægingarkenninguna, endursköpun sjálfsmyndar og leið trúarinnar í því ferli; stefið um manninn frammi fyrir Guði, *coram Deo*.

3a Í mynd guðs - frelsunarguðfræðin

Sköpunarstefið er áberandi í orðræðu höfundanna allra. Sú sterka boðun sem í því felst er annarsvegar sú að samkynhneigð sé meðfædd en hins vegar að hún sé hluti af Guðs góðu sköpun.¹¹⁰ Áherslan á að hommar og lesbíur séu sköpuð í Guðs mynd rétt eins og aðrir sýnir tengsl við stef í guðfræði 20. aldar.¹¹¹ Áhrif frjálslyndrar l guðfræði og mannskilnings sem byggir á jákvæðum viðhorfum til líkama, litarháttar, kyns og kynhneigðar sér meðal annars stað í Porvoo-samþykktinni og var mjög mikilvægt andsvar við orðræðu um mögulega *lækningu* á samkynhneigð.¹¹² Eins og áður sagði var Kvennakirkjan stór áhrifavaldur í starfi hópsins og lýsir Elísabet Þorgeirsdóttir, ein stofnenda hennar, reynslu sinni af nýrri nálgun í þessu dæmi:

Ég fann leið trúarinnar í nýrri guðfræði ... Kvennaguðfræðin viðurkennir að sjálfsögðu samkynhneigð ... þar sem kjarninn er að allar manneskjur séu jafnar fyrir Guði. Frumskilyrði fyrir því að geta unnið í trú sinni er að hafa sjálfsmyndina í lagi. Það er erfiðara að taka á móti trúnni ef maður hefur sektarkennd og ef slík kennd býr innra með okkur þurfum við að frelsast frá henni. Biblían segir að allar manneskjur séu skapaðar í guðs mynd ... Í öllum manneskjum er neisti frá Guði og [hann] eigum við að efla...¹¹³

Í sköpunarstefinu er ekki aðeins falin von um heldur *boð um betra þjóðfélag* og felur það í sér aðra *coram Deo*-nálgun á synd og fyrirgefningu en klassísk guðfræði gengur út frá. Manninum er ætlað, fyrir Krist, að fyrirgefa sjálfum sér.¹¹⁴

¹¹⁰ „Það er ástæða fyrir öllu og hlutverk fyrir alla í sköpunarverki guðs. Það er þess vegna sem guð hefur gefið okkur þann einstaka og sérstaka hæfileika að getað elskað okkar eigið kyn. Við erum fullgildar manneskjur eins og við erum, og þannig vill guð að við séum og einmitt vegna þess erum við elskuð af guði.“ Haukur F. Hannesson, *Skýrsla* bls.8 BskR. nr.297 #26

¹¹¹ Hér er vísað til frelsunarguðfræði Rómönsku Ameríku, réttindabaráttu svartra í Bandaríkjunum og kvennaguðfræðinnar sem er grundvöllur Kvennakirkjunnar. Elísabet Þorgeirsdóttir var ein þeirra fimm sem stofnuðu hana þann 14.febrúar 1993, ásamt Auði Eir Vilhjálmisdóttur.

¹¹² Sjá Formála að Poorvo-sáttmálanum, vefslóð hjá www.porvoochurches.org sjá Heimildaskrá

¹¹³ Elísabet Þorgeirsdóttir, *Skýrsla* bls. 20 BskR. nr.297 #26

¹¹⁴ Haukur F. Hannesson, *Skýrsla*, bls. 24 BskR. nr.297 #26

3b Trúarlegur þáttur við endurmótun sjálfsmyndar.

Eftir áralanga baráttu fyrir mannréttindum og virðingu fyrir mannhelgi og sjálfsákvörðunarrétti þess litla menningarafkima sem samkynhneigðir á Íslandi voru, var ljóst að hinn virki hópur í þeirri baráttu var orðinn þreyttur á staðalmyndum sem viðhéldu ríkjandi fordómum.¹¹⁵ En þar er einnig lýst andlegri tómleikatilfinningu sem leiðir af sér trúarlega leit og því að þegar einstaklingurinn hafi náð sátt við sjálfan sig fari fram endurmat á andlegum nótum.

Eðlilegast er að halda því fram að hópurinn haldi fram skýrri boðun meðal samkynhneigðra um að hafna ekki trúarþörfinni því það að sættast við hana sé lykill að því að sætta sig við sjálfan sig. Haukur F. Hannesson skilgreinir tilgang þess starfs sem hópurinniðkar þannig; að verið sé að ryðja úr vegi hindrunum sem hafi verið reistar á leiðinni til Guðs. Kærleiksboðunin er honum mikilvæg þegar fjallað er um *leið trúarinnar* en grundvöllurinn er *Kristur* sem táknmynd fyrirgefningarinnar.

En okkur er sýnd leið. Kristur vísar okkur á aflausn fyrirgefningarinnar. Við þurfum að læra að losa okkur við byrðarnar með því að fyrirgefa okkur sjálfum. Fyrirgefa okkur fyrir að hafa látið undan neikvæðni þjóðfélagsins ... Við þurfum að læra að lifa í voninni, lifa upprétt, vegna þess að Guð vill að við lifum upprétt. Þess vegna skapaði hann okkur eins og við erum. Hann vill að við séum samkynhneigð. Og hann vill að við séum hamingjusöm ... Þannig er tilgangi sköpunarinnar náð og þannig getur kærlekurinn runnið fram hindrunarlaust... ..við eigum von. Við eigum æðri mátt, Guð, sem vill bera byrðirnar með okkur ef við leyfum honum það. Ef við leyfum kærleikanum að komast að. Og á kærleika Guðs er enginn afsláttur... ..Það er þessi kærleikur sem gerir það að verkum að við finnum að við gegnum mikilvægu hlutverki með lífi okkar sem hommar og lesbíur. Þetta mikilvæga hlutverk er djúpur og innihaldsríkur tilgangur, sem er til orðinn vegna þess að við erum óaðskiljanlegur hluti af sköpunarverki Guðs.¹¹⁶

Orðræðan er vissulega ólík í samhengi trúarlegs uppeldis og mikilvægt að greina hvort barnatrúin hefur aðeins verið endurheimt í formi *trausts* til æðra afls eða hvort nýr trúarveruleiki blasir við í ljósi þess að vera *útvalinn* til sérstæðs hlutverks í sköpuninni. Endurmótun sjálfsmyndar getur falist í hvoru tveggja. Annars vegar verður brostið samband aftur heilt og brotin sjálfsmynd tekst á við að hafa *fundist* sér vera hafnað. Hins vegar er um endurmótun að ræða í ljósi sérstakrar köllunar.

¹¹⁵ „Trúin hefur gert líf mitt ríkara en það var áður. Kannski er það sama trúarþörfin og fékk áður útrás í starfi fyrir Samtökin 78 ... Það er ekki endalaust hægt að gleðjast yfir því að hafa þorað. Við verðum að halda áfram að þroskast sem manneskjur..... Ég var orðin leið á innantómu skemmtanahaldi og samskiptum sem eingöngu áttu sér stað á þeim forsendum.“
Elísabet Þorgeirsdóttir, *Skýrsla*, bls.18 BskR. nr. 297 # 26

¹¹⁶ Haukur F. Hannesson, *Skýrsla*, bls.25 BskR. nr.297 #26

3.4. Samtímalýsingar – Kirkjupólítík.

Kirkjupólítíska stefið er flokkur allrar orðræðu um Trúarhópinn og samskiptin við Þjóðkirkjuna eða kröfur samkynhneigðra innan hennar. Undirliggjandi í textunum almennt er hægt að greina að orðræðan og starfsemin er hápólítísk í eðli sínu. Aftur á móti eru samtímalýsingar eða orðræða um kirkjuna ekki í forgrunni *hugleiðinganna* enda eru umræðufundir hópsins hentugri vettvangur fyrir „fréttaskýringar“ af stöðu mála í kirkjunni. Samanburður við eða samtímalýsingar á ástandi mála í öðrum löndum á heima innan flokksins. Vissulega skarast hluti orðræðunnar við *fordómastef* (1.c) en ástæðan fyrir sérstaka flokkun sagnfræðilegs eðlis er sú að halda bæri samtímalýsingum til haga þar sem fjallað er um þá þræði kirkjupólítíkurinnar sem snerta sjálfsvitund hópsins og meðvitund kirkjunnar.

Dæmi um kirkjupólítískt stef er þegar frasanum „*trú á eigin forsendum*“ er beitt. Hafa ber í huga að þegar einhver er í salnum sem ætti að heyra ákveðinn borðskap gilda lögmál *viðtökufraeðanna* því orðræðan mótast alltaf af samhengi. Í aðdraganda næsta dæmis hefur Elísabet Þorgeirsdóttir fjallað um höfnun kirkjunnar (1c.) en vísar í framhaldi að þeirra eigin starfi. Hún lýsti því að prestur Þjóðkirkjunnar hafi hafnað því að messa með samkynhneigðum og segir:

Þá spurðum við okkur... Getum við ekki byggt upp trúarlíf á eigin forsendum? Er það ekki mikilvægara í byrjun heldur en velþóknun kirkjunnar? Við þurfum ekki að bíða eftir því að valdamenn í kirkjunni klappi á kollinn á okkur og segi: Það er í lagi með ykkur, þið megið koma í kirkju þar sem við verðum milliliðir ykkar við Guð.¹¹⁷

Það má velta því fyrir sér hvers vegna Elísabet Þorgeirsdóttir kom fram með þessa gagnrýni á þessum tímapunkti en svarið felst í því að þá var vígð manneskja, Auður Eir Vilhjálmsdóttir í fyrsta skipti gestur helgistundar þeirra.¹¹⁸ Það skýrir í framhaldinu dæmi um samtímalýsingu í næstu hugleiðingu Hauks F. Hannesonar:

Við sem höfum starfað í þessum áhugahópi höfum fundið fyrir því upp á síðkastið, að eftir starfi okkar er tekið. Við höfum kynnt stafsemina fyrir prestum og biskupsstofu. Sr. Auður Eir, sem var gestur okkar á síðustu helgistund, hefur farið og talað við biskup um starf okkar. Þannig spinnast þræðirnir og við munum halda áfram þessu starfi, því starfi sem byggist á skilyrðislausum rétti okkar sem meðlimir í kirkju landsins, til að njóta þjónustu hennar á sama hátt og gagnkynhneigðir

¹¹⁷ Elísabet Þorgeirsdóttir, *Skýrsla* bls.19. BskR. nr.297 #26

¹¹⁸ Þann 20.febrúar 1994 var sr.Auður Eir Vilhjálmsdóttir „gestur í kaffisþjall og umræður á eftir“ sbr. auglýsingu um stundina sjá *Skýrsla* bls.21 BskR. nr.297 #26

þjóðfélagsþegnar. En þetta starf hefur annan og dýpri tilgang en einungis þann sem að kirkjulegum yfirvöldum snýr...¹¹⁹

Það er því í sérstökum tilvikum sem komið er að lýsingum á hópnum, viðfangsefnum þeirra og kirkjupólítískri baráttu. Eitt slíkt myndi vera helgistundin í kapellu Háskóla Íslands 25. júní 1994, en þar sagði Haukur F. Hannesson:

Og við erum komin hingað í kirkjuna til að minna okkur á hversu mikilvæg við erum í sköpunarverki Guðs. Án tilveru okkar væri sköpunarverkið ekki fullkomnað, án stolts okkar og baráttu fyrir sýnileika og mannréttindum værum við að vanvirða þetta sama sköpunarverk, þess vegna leitum við samfélags hvert við annað og við skapara okkar hér í kirkjunni, kirkjunni okkar, kirkju lesbía og homma.¹²⁰

Í nefndri helgistund fjallaði Haukur um baráttuna sem háð væri á vettvangi íslenskrar þjóðkirkju og hvað þau sjálf snerti væri hún ekki eingöngu guðfræðileg. Félagsleg vídd hennar yrði að lúta lögmálum þekktra baráttuaðferða samkynheigðra en þær byggðu fyrst og fremst á *virkrir nærveru* innan kirkjunnar. Í framhaldi sagði hann baráttuna á frumstigi en að Trúarhópnum hafi orðið nokkuð ágengt. Í þessu samhengi er eðlilegt að hafa í huga hvernig talað er til almenns meðlims *Samtakanna* 78 í opinberri helgistund eins og þarna er um að ræða. Hlutverki hópsins er lýst í samhengi baráttuaðferðar: *Virkrir nærveru*. Gera má ráð fyrir að þar sem að enginn prestur kom að athöfninni hafi gestirnir litið á sig sem þátttakendur í pólitískri aðgerð með „messuhaldinu“. Líta má á helgistundina sem ákveðið kirkjupólítískt afrek.

Vísunin í „*kirkju lesbía og homma*“ að framan ber ekki að taka sem svo að stefna Trúarhópsins hafi verið sú að skapa sjálfbært trúfélag heldur hluti pólitískrar orðræðu sem lýsir því að þau sjálf séu íslenska þjóðkirkjan, að *hún sé kirkja lesbía og homma*. Í lokadæminu höfum við samtímalýsingu Hauks, fyrir hinn almenna Samtakameðlim, um hvaða kröfur hafa verið settar fram, hver staðan er og hvað hann sjái fyrir sér:

Við viljum líka njóta sömu réttinda innan kirkjunnar, fá að taka þátt í safnaðarstarfi með fullri mannlegri reisn, viljum að tillit sé tekið til okkar eins og við erum og fá stuðning æðstu kirkjufirvalda til þess að ná þessu markmiði. Þessu markmiði sem er skráð í sköpunarverk Guðs ...

... Enginn íslenskur prestur hefur ennþá komið úr felum sem lesbía eða hommi, og einungis einn guðfræðingur, hefur tekið þetta frelsisskref og komið til starfa í Áhugahópi homma og lesbía um trúarlíf. En sólin er þegar risin yfir sjóndeildarhringinn og mun áður en langt um líður hella geislum kærleikans yfir þennan akur sem við erum að byrja að plægja.¹²¹

¹¹⁹ Haukur F. Hannesson, *Skýrsla* bls.24 BskR. nr.297 #26

¹²⁰ Haukur F. Hannesson, *Skýrsla*, bls.41 BskR. nr.297 #26

¹²¹ Haukur F. Hannesson, *Skýrsla*, bls.42 BskR. nr.297 #26

Samantekt

Í ritgerðinni hefur verið rakið hvernig félagar í Trúarhópi samkynhneigðra komu saman til samfélags um bæn, íhugun og iðkun trúar en jafnframt hvernig Trúarhópurinn leitaðist við að þróa jákvæð tengsl milli samfélags samkynhneigðra í landinu og þjóðkirkjunnar. Athyglisvert er hversu skýr og ígrunduð guðfræði kemur fram í mörgum af hugleiðingum þeirra fimm höfunda sem greindar voru í síðari hluta þessarar ritgerðar. Sá andi og afstaða sem kemur fram í þeim sýnir hvernig trúin veitir þor og þolgæði í baráttunni fyrir viðurkenningu og fullum mannréttindum samkynhneigðra. Þessi guðfræði myndaði hugmyndalegan grunn *virkrar nærveru* og mótaði baráttu Trúarhópsins fyrir réttarstöðu innan íslensku þjóðkirkjunnar.

Tilvera og sýnileiki Trúarhóps Samtakanna 78 var prófsteinn á guðfræðilega afstöðu kirkjunnar til samkynhneigðra á rannsóknartímanum. Afstaðan til samkynhneigðar afhjúpaði skýrar markalínur í ranni kirkjunnar og virðist hafa markað henni ímynd á hinu veraldlega sviði sem íhaldssamri og lokaðri stofnun. Þetta gerðist vegna þess að í stað þess að líta á samfélag samkynhneigðra sem tækifæri til samstarfs á jafningjagrundvelli skilgreindi þjóðkirkjan tilvist þeirra sem vandamál sem fást þurfti við með fræðslu. Viðbrögð kirkjunnar við Trúarhópnum gáfu í skyn að samkynhneigðir væru ekki hópur sem bæri að fagna að bættist við litróf hinnar boðandi kirkju Krists, heldur hópur skjólstaðinga sem kirkjan biður fyrir, hópur sem hin þjónandi kirkja á að hjálpa. Einhverskonar óhrein vandræðabörn.

Átök kirkjunnar við hina meintu ógn sem birtist í samkynhneigðum lýsa átökum um guðsmynd og mannskilning. Að sumu leyti mætti kalla þau átök eldskírn kirkjunnar inn í fjölmenningsarsamfélag nútímans þar sem hún er þátttakandi í mótun siðferðislegra gilda án þess að njóta forréttinda sem einhverskonar úrskurðarvald um siðferðisleg mál. Þjóðkirkjan virðist hafa verið farin að átta sig á þessari breyttu stöðu þegar á rannsóknartímanum. Þau hvörf sem urðu og hér hefur verið lýst leiddu af sér bakslag þar sem afstaða til sambærilegra mála á síðari tímum hefur byggt enn frekar á þeirri forsendu að um sjálfstætt trúfélag sé að ræða sem byggi á kenningarlegum grunni en ekki menningarlegum arfi opinna þjóðkirkju. Höfnun kirkjunnar á samkynhneigðum birtist í þögn hennar um samkynhneigð almennt og trúað fólk á meðal þeirra. Í þeirri þögn birtist tilraun kirkjunnar til að viðhalda valdi eigin trúartúlkunar með yfirlýsingu um að trúverðugleiki hins samkynhneigða sem kristins manns byggi á því að eiga trúarsamfélag í gagnkynhneigðu samhengi. Svo er enn hvað trúað samkynhneigt fólk varðar hér á landi, hvorki starfar hér sérstakur söfnuður

samkynhneigðra í líkingu við Kvennakirkjuna né hafa guðfræðingar sem opinberlega gangast við samkynhneigð sinni verið vígðir til starfa innan Þjóðkirkjunnar.

Aðeins fjórtán árum eftir að staða samkynhneigðra í sambúð var fyrst bætt með lögum hafa þeim hlotnast kirkjuleg réttindi til fullkominnar jafnstöðu án tillits til kynhneigðar með heimild til hjónavígslu. Það varpar skugga á það ferli til jafnréttis að hópi fólks sem vildi standa vörð um meinta friðhelgi hinnar kirkjulegu athafnar og hugtaksins hjónaband þyki gengið á hlut sinn. Byggja þau mat sit á meintri friðhelgi athafnar og hugtaks á biblíulegri forsendu um gagnkvæmni kynjanna. Þessi þróun til kirkjulegrar jafnstöðu gekk hvorki fyrir sig eins og Trúarhópur samkynhneigðra lagði til á rannsóknartímanum né á þann hátt sem kirkjustjórnin virðist hafa vonast eftir. Það ferli verður ekki rakið hér en vangaveltur um þau mál eru engu að síður kveikjan að því að saga Trúarhópsins er hér dregin fram í dagsljósið.

Svo virðist sem þar komi fram hópur sem hafði allar forsendur til að verða samstarfsaðili kirkjunnar um málefni samkynhneigðra auk þess sem mikilsverð fræðileg vinna hafði verið unnin á hennar vegum af starfshópi biskups árið 1996. Mannveran sem slík og staða hennar í samfélaginu var í brennidepli í vinnu þess hóps sem fram fór á grundvelli guðfræðilegrar, siðfræðilegrar og læknisfræðilegrar þekkingar. Skýrsla nefndar um samkynhneigð og kirkju lýsti ástum og hneigðum sem tveimur samvofnum þáttum og var kynhneigðin sögð hluti mennskunnar. Ritgerð Ólafs Odds Jónssonar, Trú kynhneigð og náungi minn var enn eindregnari og lýsti kynhneigðinni sem svo að hún væri ekki takmarkaður hluti lífs okkar heldur kjarninn í andsvari manneskjunnar við lífinu. Bæði þessi rit voru tímamótaverk og um margt róttæk í röksemdafærslu sinni einmitt vegna þess að það sem sagt var um einn mann gildir fyrir alla án aðgreiningar. Þegar kom að umræðu um möguleika á *vali* á milli borgaralegrar og kirkjulegrar vígslu staðfesta samvista samkynhneigðra kaus kirkjustjórnin að mínu mati að halda á lofti aðgreiningarhyggju þvert á anda þeirra.

Að mati höfundar á fornt orðatiltæki um „að fleygja ekki barninu með baðvatninu“ við sögu þessa á báða bóga, því þjóðkirkjan er líka vandræðabarn. Þau tækifæri sem þjóðkirkjunni buðust á eigin forsendum til að taka af skarið í samskiptum við framandi þjóðfélagshóp en kaus að láta ónotuð má mörg hver greina í sögu Trúarhópsins á árabílinu 1994-1997. Viðhorf þjóðkirkjunnar til samkynhneigðra og óska þeirra um opinbert helgisíðaform fyrir blessun samvistar þeirra fékk fleiri til að endurskoða viðhorf sín til kirkjunnar en til samkynhneigðra. Við það endurmat virðist mörgum hafa orðið ljóst að tengsl þjóðar og kirkju eru óljósari frá því að hún

varð sjálfstætt trúfélag með lögum um stöðu, stjórn og starfshætti hennar sem tóku gildi árið 1997. Aldrei fyrr í sögu landsins hafa jafn margir staðið utan trúfélaga og er það meðal annars vegna þess rofs sem hefur orðið á trúnaði á milli þjóðar og kirkju. Þjóðkirkjan virðist ekki lengur vera sú trúmálastofnun sem rúmar ólík og víðfeðm viðhorf nokkuð vandræðalaust. Innan hennar rúmast ekki lengur hið breiða litróf trúmálapólítíkurinnar. Á sama tíma hneigjast margir þeirra sem ekki hafa sérstakan áhuga á trúfélagsaðild, meðal annars vegna skorts á trúarsannfæringu, til þess að yfirgefa kirkjuna. Sú staða sem kom upp á sínum tíma var tækifæri til að víkka þjónustusvið kirkjunnar umtalsvert en þess í stað var það dregið saman. Þau hvörf sem urðu í samskiptunum sem lýst var komu í veg fyrir að erindi kirkjunnar í samfélagslegri orðræðu yrði trúverðugt sem gagnrýnið viðhorf og mótandi afl til góðra verka. Að mínu mati nýtti hún því ekki kjörið tækifæri til að vera spámannleg rödd í lífi þjóðar sinnar með því að vinna gegn fordómum með fræðslu.

Niðurstaða rannsóknarinnar er sú að hér hafi verið á ferð hópur sem hafi sýnt fram á það með málefnalegum málflutningi sem byggði á guðfræðilega ígrundaðri afstöðu til sjálfs og samfélags að tímabært væri að þjóðkirkjan og samkynhneigðir ættu samleið í átt að sameiginlegum markmiðum. Þegar litið er til baka virðast áhrif þess seint verða að fullu metin að rof varð á trúnaðarsambandi þjóðar og kirkju þegar málefni samkynhneigðra komu til umfjöllunar en að því hafa verið leiddar líkur að með opinni og upplýstri samræðu á jafnréttisgrundvelli hefðu báðir aðilar mátt vel við una.

Heimildir og hjálpargögn

Óútgefin gögn:

Borgarskjalasafni Reykjavíkur:

Einkaskjalasafn nr. 297. Samtökin 78.

BskR. nr. 297 Askja 3 — Aðalfundargögn, lög og lagabreytingar.

Skýrsla Stjórnar fyrir starfsárið 1994-1995 (1.apríl 1995).

BskR. nr. 297 Askja 26 — Trúarhópur Samtakanna

Messuskrár og efni tengt guðsþjónustum 1994-1997

Hugleiðingar úr helgistundum 44 bls. 1994

Athugasemd.: (*Skýrsla* BskR.nr297#26) Formlegt heiti gagnsins er notað hér og er sbr.:

Titilsíða: *Skýrsla um starfsemi Áhugahóps homma og lesbía um trúarlíf.*

1.starfsár, janúar til júní 1994. Samantekt: Haukur F. Hannesson

(Höfundar efnis: Sjá „Efnisyfirlit“ Viðauki II bls.1)

Skjalasafni Biskupsstofu:

Biskupsbréf 1995

Bréf dags. 20. mars 1995.

Til Dr. Björns Björnssonar: Biskup framsendir bréf kirkjumálaráðuneytis og Samtakanna '78. Einnig Sigríður Valdimarsdóttir, Bragi Skúlason, Ragnhildur Benediktsdóttir og sr. Þorbjörn H. Árnason, sem kalli nefndina saman.

Samkynhneigð og kirkja, 1996. Biskupsstofa, Reykjavík.

Greinargerð nefndar um samkynhneigð og kirkju, sem skipuð var af kirkjuráði og biskup Íslands.

á Landsbókasafni Íslands:

Námsritgerðir við Háskóla Íslands / Guðfræðideild.

K. Hulda Guðmundsdóttir, 2007. *Kirkjuathöfn samkynhneigðra para: Samskilningur ríkis og kirkju? : Um afstöðu leikra og lærðra í íslensku þjóðkirkjunni 1995-2007.*

Leiðbeinandi Pétur Pétursson.

Ármann H. Gunnarsson 2000. *Sköpuð í Guðs mynd: Guðfræðileg umræða um samkynhneigð.*

Leiðbeinandi Arnfríður Guðmundsdóttir.

í Innanríkisráðuneyti.

Skjalasafn Dóms- og kirkjumálaráðuneytis

Málsnr.95010487/032/HZ/--

Frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til biskups Íslands 27.janúar 1995.

Svarbréf biskups Íslands til kirkjumálaráðherra 21.nóvember 1995.

Einkaskjalasafn E.Þ. / Í vörslu Elísabetar Þorgeirsdóttur:

Elísabet Þorgeirsdóttir 1999. *Enn eru kirkjudyrnar læstar. – Bréf til Guðfræðinema.*

(Próförk úr uppsettu handriti: Orðið rit félags guðfræðinema. 33.árg. Heftið kom ekki út).

Viðtal án titils 25.febrúar 1995. Handrit verkefnis Elínborgar Gísladóttur og Örnú Ýrar Sigurðardóttur – sent Elísabetu til yfirlestrar 1995. 6 bls.

Minnisblað fundar Á.S.T. 26.ágúst 1998.

Bænir. Mappa með ýmsum bænum fluttum í helgistundum 1994-2001.

Bréf:

Til sóknarnefndar Hallgrímskirkju. Frá Trúarhóp til sóknarnefndar Hallgrímskirkju.

Bréf dags 11.júní 1996

Áhugahópur homma og lesbía um trúarlíf c/o Elísabet Þorgeirsdóttir.

Símbréf dags 13.júní 1996.

Svarbréf sóknarnefndarformanns Fríkirkjunnar Sigurðar Guðmundssonar (við beiðni

Samtakanna 78/ Trúarhópsins um afnot af kirkjunni). Dags 11.júní 1997.

Munnlegar heimildir: Upptökur í vörslu höfundar.

Elísabet Þorgeirsdóttir og Jón Helgi Gíslason. 1.febrúar 2011 #010211

Elísabet Þorgeirsdóttir. 2.febrúar 2011 #020211

Haukur F. Hannesson. 10.apríl 2011 #100411

Jóna Lía Þorsteinsdóttir. Símaviðtal 9. október 2010 #091010

(yfirlésið og staðfest með tölvupósti í vörslu höfundar 5.sept 2011)

Ragnheiður Sverrisdóttir. Símaviðtal 10.október 2010

(yfirlésið og staðfest með tölvupósti í vörslu höfundar 8.sept 2011)

Þorbjörn Hlynur Árnason. Símaviðtal #2

(Síðara símaviðtal til að staðfestingar fyrri upplýsingum dags 7.sept 2011)

Af vefnum:

Formáli formanna að Porvoo-samkomulaginu.

<http://www.porvoochurches.org/whatis/resources-0201-icelandic.php>

Frá Alþingi:

Lög um staðfesta samvist. Nr.87/1996.

slóð: www.althingi.is/lagas/nuna/1996087.html

Skýrsla nefndar um réttarstöðu samkynhneigðra 1994. Forsætisráðuneyti.

slóð: www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/Rettarstada_samkynhneigdra.doc

Útgefin gögn:

„Alnæmi og kirkjan“, 1995: *Víðförli*. 15. árg. 1995. Reykjavík. S. 6–7. (Viðtal.)

Baldur Kristjánsson, 1996: „Mál kirkjuþings“ *Árbók Kirkjunnar 1996*. Reykjavík. Bls. 33-34

Bolli Pétur Bollason, 1998: „Annáll guðfræðinema“. *Orðið. Rit félags guðfræðinema*. 34. árg. Reykjavík. Bls.191-195

Helgi K. Hjálmsón, 1996: „Leikmannastefna í Skálholti“ *Árbók Kirkjunnar 1996*. Reykjavík. Bls. 38-43.

Gerðir kirkjuþings 1996. Reykjavík.

Gerðir kirkjuþings 1997. Reykjavík.

Kirkjuritið 2005: *Samkynhneigð og kirkja*, sérrit (ritstjóri Harpa Njáls). Reykjavík.

Karl Sigurbjörnsson, 2001: *Í birtu náðarinnar. Hirðisbréf til íslensku kirkjunnar*. Reykjavík,

Ólafur Oddur Jónsson, 1997: *Trú, kynhneigð og náungi minn*. (ásamt viðaukum) Akureyri.

Pétur Pétursson. 2000: „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni.“ *Til móts við nútímann*. (Kristni á Íslandi. IV.) Reykjavík.

Örn Bárður Jónsson, 1996: „Starfað á árinu“. *Árbók Kirkjunnar 1996*. Reykjavík. Bls. 53-59.

Viðaukar I / II

Viðauki I

Fyrsta hugleiðing Hauks F. Hannessonar 9. janúar 1995.

Farið er yfir eina hugleiðingu í heild til að sýna hvernig greiningarlíkanið annars vegar nýtist sem tæki en um leið sýnir sú raunmynd fram á hvernig stefin og undirflokkarnir þróuðust við sambærilega greiningu á innihaldi hinna hugleiðinganna.

Í hugleiðingu sunnudaginn 9. janúar 1994 gefur Haukur F. Hannesson innsýn í veruleika samkynhneigðra þegar hann talar um margskiptan veruleika sem samkynhneigðir bregðist við en í samræmi var *úr felum* stafi skipt í liði 2a og 2b.

*Við getum skipt veruleikanum í tvennt. Annars vegar ytri veruleika og hins vegar innri veruleika. Ytri veruleiki homma og lesbía er þjóðfélag þar sem við erum minnihlutahópur. Oft á tíðum er þjóðfélagið fjandsamlegt en þó ekki alltaf.*¹²²

Haukur vísar að neikvæðum straumum í samfélaginu og réttindabaráttu til jafnstöðu á við aðra þjóðfélagsþegna (stef 1a). Hann veltir fyrir sér viðbrögðum samkynhneigðra sem hóps (stef 2a) og reiðina sem drífur baráttu þeirra áfram.

*Reiðin getur verið jákvætt afl í hinum ytri veruleika samkynhneigðra. Það að láta ekki þjóða sér kúgun... krefjast sjálfsagðra mannréttinda, berjast fyrir jafnrétti. Í þeirri baráttu er reiðin oft aflvaki jákvæðra umbreytinga. En að lifa í reiðinni, stöðugt og endalaust, er þreytandi og niðurbryótandi.*¹²³

Því næst er vikið að tilfinningum sem greina má sem *úr felum*-stef (2.b) Hann vísar að því það sé vandasamt að sættast við sjálfan sig í kjölfar þess að átta sig á kynhneigð sinni. Umfjöllun hans lýsir tilfinningum sem bærast innra með hinum kúgaða og þránni til uppbyggingar með hjálp trúarinnar (3b):

Þrátt fyrir að við værum komin *úr felum* vorum við tilbúin til þess að taka undir þau neikvæðu skilaboð um samkynhneigð sem við höfðum alist upp við. Við áttum ennþá í basli... byggðum við oft á tíðum upp okkar eigin innri hómófóbíu, falinn eld sem fuðrað gat upp ef vindurinn blés úr óvæntri átt.... Þess vegna þurftum við að huga að okkar innri veruleika enn á ný... Við viljum styrkja okkur, treysta böndin við hinn æðri mátt sem gaf okkur lífið, finna kærleika okkar til eigin lífs, finna hið innra jafnvægi.¹²⁴

¹²² Haukur F. Hannesson, *Skýrslan bls. 6*. BskR.nr.297 #26

¹²³ *ibid.*

¹²⁴ *ibid.*

Síðan viku umfjöllun Hauks um ytri veruleika samkynhneigðra aftur að *fordóma-
stefi* (1a) en meginrót slíkra fordóma er alnæmisumræðan og áhrif hennar.¹²⁵ Hann
ræðir hvernig alnæmið hefur verið notað til að troða á andlegri velferð þeirra en í
framhaldinu nefnir hann hlut kristinna í þeim árásum (1b).

*Margur fordæmingarpostulinn fékk uppáskrifada útrás fyrir mannhatur sitt og
mannfyrirlitningu. Sjálfskipaðir siðgæðispostular lýstu því yfir að alnæmið væri
refsing guðs fyrir syndsamlegt líferni. Þeir sem hæst höfðu þá í nafni trúar, voru þeir
hræsnarar sem ekki eiga ögn af kærleika í hjarta sér, þeir menn misnota trúna til þess
breiða út mannhatur og fordóma. Slík iðja er ekki guði þóknanleg. Slík iðja er ekki
manninum þóknanleg. Guð vill að maðurinn lifi á jörðinni með reisn, þeir sem vilja
taka þessa mannlegu reisn frá öðrum mönnum ganga ekki á guðs vegum hér á
jörð.*¹²⁶

Haukur fjallar í kjölfarið um áhrif þessa á samfélag samkynhneigðra (2a).

*En við stóðum eftir... Mörg okkar syrgja látna maka og ástvini. En í djúpi
myrkursins leynist líka ljósglæta. Sjúkdómurinn varð til þess að heimurinn gat ekki
hunsað okkur lengur, við urðum sýnileg. Allt það litróf mannglegrar vitundar sem við
stöndum fyrir, varð sýnilegt; gleði okkar, sorgir, menning, tilfinningar og
réttarstaða. Og mitt í þjáningunni verður til vitundin um, að við, hommar og lesbíur,
erum ómissandi hluti af sköpunarverki guðs.*¹²⁷

Hér er tenging við *sköpunarstefið* (3a) fléttað saman við höfnun kristinna (1b) en í
beinu framhaldi vikið að ræktun heilbrigðrar sjálfsmyndar, vitund um að vera hrein og
göfug manneskja í ljósi samkynhneigðar sinnar sem og trúarinnar á Guð (3b):¹²⁸

Loks er þeirri orðræðu um þátt trúarinnar fléttað saman við *kirkjupólítíska stefið* (4).

*Mörg okkar hafa hafnað trúnni. Hugsa sem svo að úr því að kirkjan hafi lítilsvirt
trúarþörf okkar sem samkynhneigðra, eða brugðist við með þögn eða afskiptaleysi
þegar við þurftum á henni að halda, þá sé eins gott að snúast til varnar og hafna
kirkjunni og þá guði í leiðinni... ..En hefur Guð hafnað okkur? Jafngildir neikvæð
afstaða kirkjunnar til samkynhneigðgar í gegn um aldirnar því að guð hafi hafnað
hommum og lesbíum sem gildum manneskjum? Svarið við því er nei. Það er sitthvað
guð og kirkjan.*¹²⁹

¹²⁵ Haukur F. Hannesson, *Skýrsla bls. 7. BskR.nr.297 #26 /*

¹²⁶ *ibid.*

¹²⁷ Haukur F. Hannesson, *Skýrsla bls. 7-8. BskR.nr.297 #26*

¹²⁸ „Og við þurfum að rækta sambandið við þann sem gaf okkur lífið, þann sem gaf
okkur þann hæfileika að geta elskað okkar eigið kyn.“ *ibid.*

¹²⁹ Haukur F. Hannesson, *Skýrsla bls.8. BskR.nr.297 #26*

Hér er kirkjuleg afstaða reifuð, sú vídd sem kemur til í samræðu við ritninguna og áhersla á boðun Krists um kærleikann lögð fram gegn röksemdum siðapostula sem nefndir voru (1c). Haukur klikkir út með þeirri boðun að kirkjan sé ekki trúin og ekki dómari yfir sáluheill þeirra skoði þau sig í ljósi kærleika Krists og fagnaðarerindisins.

